



Norska kauphöllin
Laxinn sækir til Noregs



14

Saga Jarðborana skoðuð
Borfyrtækni kveður Kauphöllina



12-13

Tími jólabónusa
Kökunum skipt



6

Nike frá Austurbakka

Austurbakki ætlar að selja frá sér íþróttadeildina og vínedeildina. „Íslandsbanki hefur séð um sölu fyrir okkur en það er ekki búið að ganga frá henni,“ segir Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Austurbakka.

Þekktasta vörumerki Austurbakka í sportvörum er tvímælalaust Nike en samstarf fyrirtækjanna nær tvo áratugi aftur í tímann. Nike náði sterkri markaðsstöðu snemma á 10. áratuginum þegar NBA-æðið var í hámarki og hefur haldið stöðu sinni síðan. „Þetta er flott merki og hefur allt með sér,“ segir hún.



JORDAN SPILABI Í NIKE Nike-umboðið er á leið frá Austurbakka ásamt öðrum íþróttavörum og vínedeildinni.

Útrásarvísitala Markaðarins:
Hækkar um þrjú prósent

Útrásarvísitala Markaðarins hækkar um 2,91 prósent á milli vikna og mælist nú 119,15 stig. Sænska félagið Scribona hækkadi mest frá því í vikunni á undan eða um 9,4 prósent en Straumur-Burðarás á hlut í félaginu. Næstmest hækkadi danska fasteignafélagið Keops um 8,9 prósent á milli vikna en Baugur Group á hlut í því félagi.

Mest lækkuðu bréf í deCode, alls um 6,5 prósent á milli vikna. Þá lækkuðu bréf í NWF, sem Atorka Group á hlut í, um 6,5 prósent. - hb

FRÉTTIR VIKUNNAR

Meira virði | Greiningardeild KB banka hvetur hluthafa í Jarðborunum til að ganga ekki að líklegu yfirtökutilboði Atorku Group sem hefur eignast meira en helming hlutfjár í Jarðborunum.

Segir upp 100 | Bakkavör Group mun segja upp hundrað manns á skrifstofu félagsins í Bretlandi sem hluti samþættingar- og hagræðingaraðgerðum í kjölfar yfirtöku á Geest Ltd.

Gott uppgjör | Sterk króna setur mark sitt á afkomuna hjá HB Granda sem hagnaðist um 585 milljónir á þriðja ársfjórðungi. Hagnaður var 78 milljónir á sama tímabili í fyrra.

Hafnar samruna | Kauphöll Íslands ætlar ekki að hefja samrunaviðræður við norrænu OMX-kauphallirnar en OMX leitaðist eftir samruna Kauphallarinnar við samstæðuna.



Kaup frágengin | Íslandsbanki hefur fest kaup á öllum hlutabréfum í norska verðbréfafyrirtækinu Norse Securities ASA. Er þetta liður í uppbyggingu bankans í Noregi.

Lýsir áhyggjum | Í umsögn Royal Bank of Scotland um KB banka var bent á að bankinn er mjög háður lánsfjármörkuðum um fjármögnun.

Stærstur í Scribona | Bandaríski fjárfestirinn David Marcus er orðinn stærsti hluthafinn í sænska fyrirtækinu Scribona. Straumur-Burðarás á um sautján prósent í félaginu.

Vextir óbreyttir | KB banki hefur ekki tekið neina ákvörðun um að hækka vexti íbúðalána og eru íbúðalánavextir bankans áfram 4,15 prósent.

Gagnrýnir upplýsingagjöf Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður fór ekki á svig við lögin þegar hann keypti lánasamninga fjármálastofnana samkvæmt stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Vanda hefði mátt til upplýsingagjafar í kjölfarið.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Í nýrri stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Íbúðalánasjóði er gagnrýnt að sjóðurinn hóf að kaupa lánasamninga banka og sparisjóða og skilgreindi það sem hluta af áhættustýringu sinni án þess að tilkynna það markaðsaðilum. Tekur Ríkisendurskoðun ekki beina afstöðu til þess hvort þessi lánasamninga banka og sparisjóða með fjármála- og fjárfestingarstarfsemi eins og Íbúðalánasjóðs, sé rétt að eftirlitið úrskurði um slík álitamál í samræmi við lög.

Vegna mikilla uppgreiðslna íbúðalána hjá Íbúðalánasjóði stóð sjóðurinn uppi með mikið fé. Í upphafi þessa árs fór Íbúðalánasjóður að kaupa lánasamninga banka og sparisjóða við viðskiptavinir fyrir þessa milljarða. Var það gert til að samræmi yrði milli eigna og skulda sjóðsins, það er til að fá tekjur af peningunum sem Íbúðalánasjóður hafði tekið að láni og þurfti að greiða afborganir af. Þannig fær Íbúðalánasjóður greiðslur af íbúðalánunum til sín sem viðskiptavinir banka og sparisjóða greiða.

Í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar kemur

fram að Fjármálaeftirlitið hafi tæplegu hálfu ári eftir að lánasamningar voru fyrst gerðir, eða 10. maí 2005, gert Íbúðalánasjóði það ljóst að samningar af þessu tagi væru orðnir verulegur þáttur í starfsemi hans. Áður hafði eftirlitið ekki gert athugasemdir enda var talið í upphafi að samningarnir hefðu verið gerðir til að bregðast við vanda á tilteknum tímavörðum og væri liður í áhættustýringu. Árni Magnússon, félagsmálaráðgjafi, gaf svo út nýja reglugerð í september þar sem tekin voru af öll tvímæli um að Íbúðalánasjóði væri heimilt að kaupa lánasamninga.

Ríkisendurskoðun fjallar um álitagerð Jóhannesar Sigurðssonar, hæstaréttarlögmans og prófessors í fjármálafræðum við Háskólann í Reykjavík. Sagði hann meðal annars að lánasamningar uppfylltu ekki skilyrði sem Íbúðalánasjóði væru sett varðandi áhættustýringu. Ríkisendurskoðun tekur ekki beint undir þetta heldur skýrir afstöðu Íbúðalánasjóðs, sem segir að áhættustýring sjóðsins sé alls ekki bundin við viðskipti með verðbréf.

Önnur atriði sem Ríkisendurskoðun fjallar um er að síðasta uppgjör Íbúðalánasjóðs hefði mátt vera ítarlegra. Þá hefði sjóðurinn í ljósi mikilla uppgreiðslna íbúðalána átt að fara hægar í sakirnar við útgáfu nýrra íbúðabréfa. - sjá nánar bls. 10

Ófagleg vinnubrögð KB Banka

Atorka Group leggur fram innan skamms yfirtökutilboði í Jarðboranir.

Magnúsi Jónssyni, forstjóra Atorku Group, sem er stærsti hluthafinn í Jarðborunum, finnst vinnubrögð Greiningardeildar KB banka ófagleg vegna greiningar bankans á Jarðborunum. „Við skiljum ekki þær forsendur sem KB banki gefur sér. Þeir hljóta að búa yfir meiri upplýsingum en við sem erum í félaginu og þeir innherjar sem seldu okkur bréfin.“

Yfirtökutilboði Atorku í Jarðboranir verður lagt fram innan skamms og hafa forsendur þess

ekkert breyst að sögn Magnúsar. Magnús bendir á það að Jarðboranir hafi tilkynnt um sölu á Einingaverksmiðjunni sem þýði tekjusamdrátt upp á hálfan milljarð. Ekkert tillit sé tekið til þess en samt sé gert ráð fyrir nærri 25 prósent vexti á næsta ári. Hann efast einnig um þær forsendur sem KB banki gefur sér um vöxt Jarðborana til ársins 2014. Félagið gaf út rekstraráætlun sem miðast við að velja félagsins verði allt að 4,3 milljarðar á þessu ári. KB banki spáir

hins vegar fimm milljarða veltu á árinu.

„Venjan er sú að óskað er eftir fundum með félögum sem verið er að greina til þess að leggja mat á forsendur. Það var ekki gert í þessu tilfelli.“

Magnús furðar sig einnig á orðum KB banka að það séu slök byrti að skipta á bréfum í Jarðborunum og Atorku Group. „Þetta gerir greiningardeildin án þess að vinna greiningu á félaginu eða óska eftir fundi með Atorku.“ - eþa

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa nýrri fjárfestingarheimildir skv. lögum hðúur en verðbréfasjóði. Um frekari upplýsingar um söðim, m.a. hvað varðar munirni á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir söðim, vísast til útbodsjangar og útbótstar til útbodsjangur sem nalgast má í algreiðum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. október-31 október 2005.

Peningabréf Landsbankans

10,2%*

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	3%	23%
Bakkavör Group	3%	96%
Flaga Group	-6%	-17%
FL Group	4%	58%
Grandi	2%	18%
Íslandsbanki	-1%	45%
Jarðboranir	4%	21%
Kaupþing Bank	0%	45%
Kögun	7%	26%
Landsbankinn	-2%	93%
Marel	0%	30%
SÍF	1%	-14%
Straumur	0%	60%
Össur	3%	46%

*Miðað við gengi í Kauphöll í gær

Netverslun þrefaldast Bjartsýni vex á ný

Netverslun hefur aukist mjög hér á landi á árinu en Viktor Ólason, framkvæmdastjóri Netleiða, segir að dæmi séu um að þau fyrirtæki sem bjóða vörur til sölu á Netinu hafi meira en þrefaldað veltu sína á árinu. Þjóðverjar og Danir hafa nýverið birt niðurstöður um netverslun í landinu þar sem fram kemur að hún hefur vaxið hraðan en nokkru sinni fyrir.



KEYPT MEÐ TÖLUVU Sífellt fær-
ist í aukana að vörur séu keyptar
á Netinu hér á landi.

segir Viktor. - hb

„Það eru ekki til nein nákvæm mælitæki yfir þetta hér í heild sinni en ég veit að margir viðskiptavinir okkar á Netleiðum hafa margfaldað tekjur sínar. Dæmi um vörur sem seljast vel á Netinu eru getraunir, utanlandsferðir, bækur og rafmagnstæki og það er ekkert sem bendir til annars en þetta muni stórukast.“

Bjartsýni neytenda óx í nóvember samkvæmt væntingarvísitölu Gallup.

Neytendur voru svartsýnastir í október það sem af er ári, en tóku gleði sína á ný í nóvember. Vísitalan mældist 122,7 stig og er það hæsta gildi sem mælt hefur í nóvembermánuði.

Væntingavísitalan er samsett úr mati á mismunandi þáttum. Það sem drifur vísitölu upp nú er mikil

hækkun á mati fólks á ástandinu eftir sex mánuði. Frá síðustu mælingu hefur óvissu um kjarasamninga verið eytt og kann það að skýra auknar væntingar.

Talsverður munur er á afstöðu fólks eftir búsetu og tekjum. Þannig hækka vísitalan minna hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins og fólk með hærri tekjur en 250 þúsund lítur bjartari augum á framtíðina en þeir sem hafa lægri laun. -hb



Hærri lánshæfiseinkunn

Alþjóðlega Matsfyrirtækið Fitch hefur hækkað einkunn Landsbankans fyrir fjárhagslegan styrk úr C í B/C. Landsbankinn er því kominn með sömu einkunn og KB banki og Íslandsbanki í fjárhagslegum styrk

Íslensku bankarnir fá allir langtímaeinkunnina A og skammtíma einkunnina F1 og stuðningseinkunn 2. Mat Fitch er að horfur séu stöðugar.

Að sögn Fitch endurspeglar hækkun lánshæfimatans mikinn vöxt, góða arðsemi og sterka eiginfjárstöðu sem og aukna fjölbreytni í tekjustofnum í kjölfar kaupa á minni erlendum fyrirtækjum. Lánshæfimatseinkunnirnar taka einnig tillit til stöðutöku bankans í íslenskum hlutabréfum og möguleika á auknu flökti í sumum tekjustofnum. -hb

GÓLF-MOTTUR
við innganginn borga sig

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

CORAL

Úrval gólfmotta til sýnis í verslun okkar

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is

Veltur á næststærsta hluthafanum

Orkuveitan kann að ráða úrslitum um hvort Atorka nái að taka Jarðboranir yfir. KB banki ræður hluthöfum eindregið frá því að taka tilboðinu.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Engin ákvörðun hefur verið tekin innan stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um hvort fyrirtækið selji hlutabréf sín í Jarðborunum en Fjárfestingafélagið Atorka hefur lagt fram yfirtökutilboð í Jarðboranir í desember. Orkuveitan er næststærsti hluthafinn í Jarðborunum með þrettán prósent hlut.

Alfred Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir að það sé ekki eins brýnt fyrir félagið að vera eigandi í fyrirtækjum og áður. „Það hefur verið rætt í nokkurn tíma innan Orkuveitunnar um að selja hlutinn en ekki verið tekin ákvörðun með formlegum hætti hvernig það gerist.“

Selji Orkuveitan hlut sinn til Atorku má telja frekar líklegt að Atorka nái 90 prósentum hlutafjár og geti farið fram á innlausn annarra hluta. Tuttugu stærstu hluthafarnir í Jarðborunum fara með um 89 prósent hlutafjár, þar af eiga tveir stærstu hluthafarnir um 70 prósent.

Greiningardeild KB banka telur að kauptilboð frá Atorku verði of lágt og hvetur hluthafa til að ganga ekki að því. Greiningardeildin kemst að þeirri niðurstöðu í nýju verðmati á Jarðbor-



ALFRED ÞORSTEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR OR, OG BENT S. EINARSSON, FORSTJÓRI JARÐBORANA Orkuveitan, sem er næststærsti hluthafinn í Jarðborunum, hefur ekki tekið afstöðu til yfirtökutilboðs Atorku Group sem berst á næstunni.

unum að markaðsvirði þess ætti að vera 2,3 milljörðum meira en það er í raun og veru. Verðmatsgengið ætti að vera 31,1 króna á hvern hlut en tilboð Atorku mun sennilega miðast við gengið 25 krónur á hlut. Atorka mun greiða fyrir bréfin með eigin bréfum á genginu sex sem greiningardeildinni finnst vera léleg skipti.

Miðað við forsendur KB banka er hlutur Orkuveitunnar um 300 milljónum króna verð-

mætari en tilboð Atorku hljóðar upp á.

Gylfi Héðinsson, annar eigandi Byggingafélags Gylfa og Gunnars (BYGG), segir að ekki hafi verið tekin afstaða til hugsanlegs tilboðs frá Atorku og það verði ekki gert fyrir en það liggja fyrir. BYGG á um fjögurra prósent hlut í Jarðborunum. Þar að auki er Saxbygg, sem samanstendur af BYGG og Saxhól, með eins prósent hlut.

Vísitöluvandráði í Kauphöllinni

Uppfærsla í viðskiptahugbúnaði olli reikningssekkju í vísitölu Kauphallarinnar.

Vandamál hafa verið við útreikning vísitalna í Kauphöll Íslands undanfarna tvo daga.

Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni er séð fyrir endann á þessum vandráðum. Að sögn Kauphallarinnar var verið að uppfæra viðskiptakerfi Kauphallarinnar sem leiddi til

villu í kerfinu. Talið er að eldri forrit hafi ekki náð að fylgja eftir breytingum við uppfærsluna.

Ekki tókst að senda út rétt lokagildi á vísitölnunni í fyrradag, en í gær var gildið rétt. Villan var í tölvum í Noregi og urðu starfsmenn Kauphallarinnar varir við að vísitalan var

ekki rétt reiknuð. Var útreikningi vísitölnunnar þá þegar hætt. Á mánudag leit út fyrir að vísitalan hefði farið niður fyrir fimm þúsund stig, en sú var ekki raunin. Næstu daga á vísitalan að reiknast rétt og vandráði Kauphallarinnar því að baki. -hb



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Spurðist fyrir um skatttránsóknir á Alþingi. Fram koma að sex af hverjum hundrað fyrirtækjum hafa sætt almennri endurskoðun skattskila.

Rannsaka sex af hundrað

Sex af hverjum hundrað fyrirtækjum sem eru á lista yfir hundrað stærstu fyrirtæki landsins hafa sætt almennri endurskoðun skattskila. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhanna Sigurðardóttur, þingmanns Samfylkingarinnar sem birt var í gær. „Hjá 36 öðrum fyrirtækjum hafa einstakir þættir skattskila verið skoðaðir. Upplýsingar um árangur eða skattbreytingar vegna þess eftirlits liggja ekki fyrir,“ segir meðal annars í svari fjármálaráðherra.

Jóhanna óskaði eftir upplýsingum um ýmis atriði sem varða skatteftirlit og undanskot frá sköttum en alls var um að ræða fimm spurningar.

Meðal þess sem kemur fram í svarinu er að hugmyndir eru innan fjármálaráðuneytisins um að skattaleg málefni stórfyrirtækja verði til meðferðar á einum stað innan skattkerfisins. Starshópur innan fjármálaráðuneytisins kannar nú grundvöll á því að slíkur hópur taki til starfa. -hb



KOMIÐ Í LAG Vísitölur í Kauphöllinni voru rangar vegna reiknivillu í tölvu. Útreikningur vísitalna var stöðvaður, en nú á allt að vera komið í samt lag.

„Samband okkar er
13.301.556 króna virði.“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans

*Lokainneign fyrir skatta við 60 ára aldur. Miðað við 25 ára einstakling með 200.000 kr. í mánaðarlaun.



Mercedes-Benz



THE ALL-NEW 2006 M-CLASS

Mercedes Benz ML 350

272 hestöfl / 350 Nm / 11,6 L per 100 km

Staðalbúnaður:

7 gíra sjálfskipting (7G-tronic) - Armhvíla í aftursæti með geymsluhólfi - Geymslurými í hólfi fyrir varahjól - Grænritað rúðugler - Hemlalæsisvörn (ABS) - Hraðanæmt stýri - Hraðastíllir (DSR) þegar ekið er niður í móti - Hreyfittengd þjófavörn samvirk útvarpi & fjarstýrdum samlæsingum - ISOFIX festingar fyrir tvo barnabílstóla - Jafnaflauki á hemlakerfi (BAS) - Rafhitaðar þvottasprautur fyrir framrúðu - Rafræn spyrnustýring á öllum hjólum - Tiptronic rofar fyrir gírskiptingu í stýrishjóli - Samlitir, rafstýrðir & rafhitaðir útiþeglar með innbyggðum stefnuljósum & víðsýnisgeira - Samlitir stuðarar, hliðarlístar & hurðahúnar - Samlæsingar tengdar árekstursskynjara - Sjálfvirkt hita- & loftræstikerfi (Thermatic) - Síteingt aldrif - Spólvörn (ASR) - Stöðugleikastýring með skriðstilli (ESP) - Umhverfislýsing neðan úr hliðarspeglum - Útihitamællir - Þokulljós að framan & aftan - 17" léttmálmsfelgur - 8 líknarbelgír - Rafdrifin framsæti

Aukabúnaður:

Tvíþætt leðurinnrétting - Þjófa- & dráttarvörn - Command APS DVD leiðsögukerfi - Harman/Kardon Digital Surround hljómkkerfi með 11 hátölurum & bassaboxi - Geisladiskamagasín fyrir 6 diska - Rafdrifin glersóllúga - Upphituð framsæti - Extra dökkar afturrúður - Regnskynjari - Viðarklæðning í mælaborði - Aðfellanlegir útispeglar

Allur pakkinn á aðeins kr. 6.550.000,-



MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz
á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF

Laxinn sækir til Noregs


Allt stefnir í það að öll stærstu laxeldisfyrirtæki heims verði skráð í norsku kauphöllina. Marine Harvest, sem er stærsta laxeldisfyrirtæki heims, ætlar að skrá sig þar á fyrri hluta næsta árs. Íslandsbanki greinir svo frá. Velta félagsins á þessu ári stefnir í að verða um 67 milljarðar króna.

Marine West er skráð á hlutabréfmarkað í Amsterdam en félagið

heyrir undir móðurfélagið Nutreco en ætlar einungis að vera skrásett í Osló. Fjögur stór eldisfyrirtæki eru fyrir í Noregi, Cermaq, Fjord Seafood, Lerøy Seafood Group og Pan Fish.

Marine West varð þegar á síðasta ári hluti af eldisframleiðslu þegar Stolt-Nielsen og eldisframleiðsla Nutreco voru sameinuð í eitt.

- eþa



Hagnaður fyrirtækja dróst saman

Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrirtækja minnkaði á milli árunna 2002 og 2003 samkvæmt samantekt Hagstofunnar en bæði er um ræða lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Hagnaður af reglulegri starfsemi 19.239 fyrirtækja, sem einnig voru í rekstri árið 2002, nam 6,1 prósent af tekjum en 6,6 prósentum árið áður. Yfirlitið byggist á athugunum á ársreikningum fyrirtækja.

Það nær einnig til 25.136 fyrirtækja árið 2002 og 26.055 fyrirtækja ári síðar. Árið 2003 varð hagnaður þessara 26.055 fyrirtækja 5,9 prósent af tekjum en árið 2002 var hlutfall hagnaðar 6,3 prósent af tekjum 25.136 fyrirtækja.

Yfirlitið nær til fyrirtækja í öllum rekstri, einnig félaga í eigu opinberra aðila, en lífeyrisjóðir eru undanskildir. - eþa

Kaupir Tæknival

Eignarhaldsfélagið Fons, sem er í eigu þeirra Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, hefur keypt allt hlutfé í Tæknivali. Áður átti Fons helming hlutfjár í Tæknivali móti Baugi Group sem nú selur sinn hlut.

Ekki verða gerðar breytingar á yfirstjórn félagsins en breytingar verða á stjórn í samræmi við breytt eignarhald. - bg



PÁLMI HARALDSSON

Gróska í almannatengslum

Sjötíu félagsmenn í Almannatengslafélagi Íslands

„Fyrirtæki eru að skjóta rötum og greinin er að slíta barnsskónum,“ segir Jón Hákon Magnússon, formaður Almannatengslafélags Íslands. Íslensk fyrirtæki notast í sífellt auknum mæli við sérfræðinga á sviði almannatengsla til að annast samskipti við fjölmiðla og koma efni og athugasemdum á framfæri við þá. Jón Hákon segir að íslensk fyrirtæki séu þó enn á eftir nágrannalöndunum. Hann segir að í dag séu tæplega 70 manns í Almannatengslafélagi Íslands og þeim fyrirtækjum fari fjölgandi sem hafi þrjá starfs-



JÓN HÁKON MAGNÚSSON
Segir að um 70 manns séu í Almannatengslafélagi Íslands og mikil gróska sé í greininni.

menn eða fleiri í fullu starfi.

„Fjölmiðlarnir eru orðnir flóknari en áður og fyrirtæki þurfa á fagfólki að halda. Þetta á við jafnt smá sem stór fyrirtæki enda er það svo að auglýsingageirinn virðist vera á hraðri niðurlæið í heiminum en almannatengsl fara vaxandi. Það er ekki nóg að vera bara með auglýsingar í dagblöðum og sjónvarpi, fjölmiðlarnir eru orðnir flóknari en gerð og fyrirtækin þurfa að laga sig að því og til þess er það fólk sem stundar almannatengsl,“ segir Jón Hákon. - hb

Nauðsynlegt að hækka stýrivexti

OECD segir það kunnig að vera nauðsynlegt að hækka stýrivexti frekar á Íslandi til að slá á openslu. Seðlabankinn tekur ákvörðun á föstudaginn hvort hækka eigi stýrivexti.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Það kann að vera nauðsynlegt að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) að hækka stýrivexti frekar til að ná tökum á verðbólgu svo hún nálgist markmið Seðlabanka Íslands um 2,5 prósent verðbólgu. Jafnframt segir í greiningu OECD á íslensku efnahagslífi að ekki megi draga úr aðhaldi í ríkisfjármálum of snemma til að minnka frekari þrýsting á vaxtahækkanir og forðast miklar sveiflur í gengi krónunnar. Verði það ekki gert geti ójafnvægi skapast í peningamálastefnu Seðlabankans.

OECD gaf í gær út skýrslu um efnahagslegar horfur nokkurra landa í heiminum, þar á meðal Íslands. Segir að hagkerfið hér á landi sýni ennþá merki um openslu um leið og framkvæmdir tengdar álverum og einkaneysla sé í hámarki. Þá segir að við-



FORMENNIRNIR Í SEÐLABANKANUM Ólafur G. Einarsson er formaður bankaráðs og Davíð Oddsson er formaður bankastjórnar. Á föstudaginn mun Davíð rökstyðja vaxtaákvörðun Seðlabankans í fyrsta sinn í nýju starfi.

skiptahallinn sé mikill og verðbólga hafi farið upp fyrir efri mörk markmiða Seðlabankans. Meginmarkmið stjórnvalda sé að ná jafnvægi aftur í efnahagslífinu.

Þetta eru skýr skilaboð til Seðlabankans sem tekur ákvörðun á föstudaginn um það hvort beri að hækka stýrivexti frekar. Síðast hækkuðu stýrivextir um 0,75 prósent og sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson að ekki yrði slakað á klónni fyrir en væntingar um mikla verðbólgu færu niður. Telja greiningardeildir bankanna að vextirnir verði hækkaðir um 0,5 prósent á föstudaginn.

Á morgun mun Evrópski Seðlabankinn ákveða hvort hann hækki vexti, en stjórnendur hans hafa gefið í skyn að til þess muni

koma. Í frétt Bloomberg segir að samkvæmt könnun sem fréttaveitan stóð fyrir reikna aðilar á markaðnum með 0,25 prósent vaxtahækkun. Verða þá stýrivextir í Evrópu 2,25 prósent. Hér á landi standa vextirnir í 10,25 prósentum.

Flest íslensk fyrirtæki hafa tekið erlend lán í stað innlendra undanfarið. Greiningardeild KB banka hefur reiknað út að eitt prósent hækking stýrivaxta í Evrópu þýði útlæði á tíu milljórum króna. Flest lánin eru á fljóttandi vöxtum og koma áhrif vaxtahækkunarinnar strax inn í formi hærri vaxtagreiðslna. Telja margir að stýrivaxtahækkun í Evrópu hafi jafnvel meiri áhrif á íslenskt efnahagslífi en vaxtahækkanir íslenska Seðlabankans.

Rússar aðilar að WTO

Tollar á allar helstu útflutningsvörur frá Íslandi til Rússlands munu lækka verulega eftir að Rússland fær aðild að Alþjóðavíðskiptastofnuninni, WTO, samkvæmt samningi Íslands og

Rússlands í tengslum við framtidaraðild Rússlands að stofnuninni. Aðlögunartímenn er almennt tvö ár. Nýlega var undirritaður sambærilegur samningur við Úkraínu. - bg

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

10,4%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli fyrir tímabilið 30/9/05-31/10/05

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings Banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögnum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í ýmsri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbotslýsingu eða útdrátti úr útbotslýsingu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
- kraftur til þín!

Fjárlagafrumvarp á lokasperttinum

Fjármálaáðherra segir frumvarpið mikilvægt innlegg til hagstjórnar og hagþróunar næsta ár.

„Niðurstæða atkvæðagreiðslunnar er á þann veg að aðhald hefur verið aukið og afgangur á fjárlögum samkvæmt frumvarpinu, eins og það stendur núna, er nálægt tveimur prósentum af landsframleiðslu. Þetta er mikilvægt innlegg til hagstjórnar og hagþróunar næstu mánuði og næsta ár,“ sagði Árni Mathiesen þegar fjárlagafrumvarpinu var vísað til þriðju umræðu síðasta föstudag.

Starfsfólk greiningardeilda bankanna og Seðlabanka Íslands hefur gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir of lítið aðhald í ríkisfjármálum nú þegar þenslan í hagkerfinu er mikil. Er því haldið fram að of mikill þungi við stjórn efnahagsmála liggja hjá Seðlabankanum, sem hefur stýrivexti sem aðalstjórnartæki peningamálastefnunnar. Ríkið þurfi einnig að leggja á árárnar til að ná verðbólgu niður með því að skera



FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ KYNNT Árni Mathiesen kynnti frumvarpið í Salnum Kópavogi í október.

hressilega niður útgjöld og slá á eftirspurn í hagkerfinu.

Árni sagði þegar hann kynnti fjárlagafrumvarpið í byrjun október að hann myndi standa fast gegn þrýstingi hagsmunahópa um aukin útgjöld í sinn málaflökk. Frumvarpið verður afgreitt fyrir júl og kemur þá endanlega í ljós hvernig til tókst. - bg

IBM netþjónar skara fram úr

Rank	Company	System	tpmC	Price / tpmC	System Availability	Database	Operating System	Tp Monitor	Date Submitted
1	IBM	IBM eServer p5 595 64p	3,210,540	5.19 US \$	05/14/05	IBM DB2 UDB 8.2	IBM AIX 5L V5.3	Microsoft COM+	11/18/04
2	IBM	IBM eServer p5 595 32p	1,601,784	5.05 US \$	04/20/05	Oracle Database 10g Enterprise Edition	IBM AIX 5L V5.3	Microsoft COM+	04/20/05
3	HP	HP Integrity Superdome 64P c/s	1,082,203	5.38 US \$	12/07/05	Microsoft SQL Server 2005 Enterprise Edition 64bit	Microsoft Windows Server 2003 Datacenter Edition 64-bit	Microsoft COM+	06/07/05
4	IBM	IBM eServer pSeries 690 Model 7040-681	1,025,486	5.43 US \$	08/16/04	IBM DB2 UDB 8.1	IBM AIX 5L V5.2	Microsoft COM+	02/17/04
5	HP	HP Integrity Superdome	1,008,144	8.33 US \$	04/14/04	Oracle Database 10g Enterprise Edition	HP UX 11.1v2 64-Bit Base OS	BEA Tuxedo 8.0	11/04/03
6	IBM	IBM eServer p5 570 16P	809,144	4.95 US \$	09/30/04	IBM DB2 UDB 8.1	IBM AIX 5L V5.3	Microsoft COM+	07/12/04



IBM P5 NETÞJÓNAR

Aukinn sveigjanleiki og afkastageta – Lækkun hugbúnaðarleyfisgjalda

Netþjónar sem uppfylla allar kröfur nútíma tölvuumhverfis

Sveigjanleiki, afkastageta, áreiðanleiki og öryggi eru mikilvægustu þættirnir í tölvuumhverfi nútímans. Til að ná forskoti í samkeppni þarf fyrirtækið þitt að geta brugðist skjótt við breytingum í rekstrarumhverfi þess - fyrirsjáanlegum og ófyrirsjáanlegum - á sama tíma og UT kostnaðurinn er lækkaður og gagnaöryggi tryggt. IBM p5 netþjónar uppfylla allar þessar kröfur.

Heimsmeistarar í afköstum – Keyra bæði AIX og Linux samtímis

IBM p5 netþjónar eru búnir öflugustu 64-bita örgjörvunum, POWER5 eða POWER5+, og eiga þeir m.a. heimsmet í tpmC afkastamælingum*. p5 netþjónar geta bæði keyrt IBM AIX og Linux stýrikerfin samtímis á sama netþjóninum og sama örgjörvanum. Þessi sveigjanleiki og afköst gerir þér kleift að ná mikilvægu forskoti á samkeppnisaðila þína þar sem þú getur gert meira heldur en áður með einu kerfi.

Lægri leyfisgjöld með meiri skalanleika

Myndin að ofan sýnir þá yfirburði sem IBM p5 netþjónar búa yfir hvað skalanleika varðar. Með því að velja IBM p5 þarftu ennfremur færri örgjörva til að ná hámarks afköstum og greiða þ.a.l. mun lægra verð fyrir hugbúnaðarleyfi.

Af hverju eiga fyrirtæki að velja p5 umfram aðra UNIX netþjóna?

- Búnir öflugustu 64-bita örgjörvunum á markaðinum í dag sem eru tvisvar til þrisvar sinnum hraðvirkari en það sem samkeppnin býður.
- Sparnaður í hugbúnaðarleyfisgjöldum vegna afkastameiri örgjörva.
- eru á afburða verði miðað við afköst.
- Hægt að kljúfa hvern örgjörva í allt að tíu sýndarvélar - Micro-Partitioning.
- Hægt að stýra úthlutun örgjörva, minni og jaðartækja meðan á keyrslu stendur - DLPAR.
- Geta keyrt mismunandi útgáfur af AIX og Linux í einu á sömu vél sem eykur samnýtingu og sveigjanleika.
- IBM Director umsjónarkerfið fylgir með.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjóninum.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is



NÝHERJI

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • www.nyherji.is

*Heimild: www.tpc.org, 8. nóvember 2005

ÚTRÁSARVÍSITALA 119,15 2,91%

Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgarí	10,12	Lev	37,99	0,28%
Carnegie	Svíþjóð	110,50	SEK	7,85	3,24%
Cherryföretag	Svíþjóð	24,80	SEK	7,85	-0,43%
deCode	Bandaríkin	9,16	USD	63,43	-4,11%
EasyJet	Bretland	3,29	Pund	108,42	9,36%
Finnair	Finnland	10,56	EUR	74,23	2,21%
French Connection	Bretland	2,65	Pund	108,42	6,03%
Intrum Justitia	Svíþjóð	70,00	SEK	7,85	2,78%
Keops	Danmörk	20,70	DKR	9,95	10,75%
Low & Bonar	Bretland	1,19	Pund	108,42	8,65%
NWF	Bretland	5,93	Pund	108,42	-2,49%
Sampo	Finnland	13,81	EUR	74,23	0,90%
Saunalahti	Finnland	2,50	EUR	74,23	1,63%
Scribona	Svíþjóð	17,50	SEK	7,85	12,41%
Skandia	Svíþjóð	44,30	SEK	7,85	4,43%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiðla á mánudag

Jólaverslun vestanhafs róleg

Jólaverslunin vestanhafs fer heldur hægar af stað í ár en í fyrra ef marka má fyrstu sölutölur sem birtar voru af rannsóknastofnunum verslunarinnar í Bandaríkjunum um liðna helgi. ShopperTrak rannsóknarsetrið, sem mælir veltu í um 45.000 verslunum í Bandaríkjunum, tilkynnti að jólaverslunin færi aðeins hægar af stað en í fyrra eða um 0,9 prósent þrátt fyrir að búist hafði verið við að hún myndi aukast.

Talsmaður ShopperTrak sagði að jólaverslunin í fyrra hefði sett



öll met og því væri ekkert óeðlilegt við fyrstu sölutölur og þær væru í raun góðar þegar litið væri til síðasta árs en boðið væri eftir því að meiri skriður kæmist á verslunina.

Stærsta verslanakeðja heims, Wal-Mart, fer ekki varhluta af því en verslanakeðjan hóf útsölur fyrir en venjulega og hefur boðið ýmis tilboð á sérvöldum vörum alveg frá 1. nóvember. Talsmenn Wal-Mart sögðust búast við því að jólaverslunin í ár yrði að minnsta kosti fjórum prósentum meiri en í fyrra. - hb

Smokkar mæli-kvarði á verðbólgu

Eins og flestar þjóðir fylgist Kýpur með verði ákveðinna neyslvara sem áður fyrr voru braud, smjör og aðrar nauðsynjavörur. Hagstofan þar í landi íhugar nú að bæta smokkum og rislyfinu Viagra í vörukörfu sínu sem notuð er til að mæla verðbólgu í landinu. Kýpur hyggst nú uppfæra listann til þess að geta metið verðbólguna á nákvæmari hátt. Vörur og þjónustugeundir sem bæta á við eru 153 talsins og má þar nefna háreyðingarvörur, augnlinsur, hárgel, handfrjálisan símabúnað, tóma geisladiska og heimsókn til hnykkjarans. - hhs

Kökunum skipt

Nú er tími bónusgreiðslanna í bandaríska fjármálageiranum sem í öðrum geirum. Bónustímabilið í ár virðist ætla að verða það stærsta í fimm ár ef marka má frétt New York Magazine. Starfsmenn sumra fyrirtækja eiga þó von á talsvert stærri summum en aðrir. Á Wall Street er peningunum ekki skipt bróðurlega frekar en annars staðar en væri það svo fengi hver starfsmaður Goldman Sachs 500 þúsund bandaríkjadollara jólabónus. Það er hvorki meira né minna en tæpar 32 milljónir íslenskra króna. Ætla má að flestir starfsmannanna fái þó töluvert lægri upphæð en það í sinn vasa en þó er líklegt að þeir muni hafa efni á jólagjöfunum í ár. - hhs



Sviss byggir upp stórfyrirtæki

Sjö þýsk stórfyrirtæki sem voru í hópi stærstu fyrirtækja Evrópu árið 1985 eru þar ekki lengur.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Svissnesk fyrirtæki hafa tekið sér stöðu í hópi verðmætustu fyrirtækja Evrópu en þýsk fyrirtæki hafa aftur á móti helst úr lestinni. Fyrir tuttugu árum áttu Þjóðverjar sjö fyrirtæki á lista tíu verðmætustu fyrirtækja Evrópu, samkvæmt samantekt Fidelity International sem birtist í Financial Times, en eiga ekkert í dag.

Stærsta fyrirtæki Evrópu að markaðsvirði er franska olíusamsteypan Total sem er um 140 milljarða evra virði. Fyrir tveimur áratugum var Total í 88. sæti en tveir stórir samrunar við önnur fyrirtæki komu því á flug. Svissnesku fyrirtækin Novartis, Nestlé, Roche og UBS koma á eftir í næstu sætum. Finnski símaframleiðandinn Nokia er í níunda sætinu.

Sviss á fjögur fyrirtæki á listanum en Frakkar og Spánverjar tvö.

Þýski bílaframleiðandinn Daimler var í öðru sæti listans árið 1985 en hefur nú fallið í 21. sæti. Siemens, Allianz, Deutsche Bank, Bayer, BASF og Hoechst falla einnig af listanum. Dvín-

andi máttur þýskra stórfyrirtækja endurspeglar í veikum efnahagskerfi og vantrú fjárfesta á hlutabréfamörkuðum þar í landi.

Fyrir tuttugu árum var Royal Dutch Shell stærsta fyrirtæki Evrópu en þá var markaðsvirði þess um sextán milljarðar evra. Royal Dutch Shell er nú einungis

skráð í Bretlandi og væri enn á toppnum ef bresk fyrirtæki væru ekki undanskilin í samantektinni.

Listinn bendir einnig til þess að fyrirtæki sem sérhæfðu sig í bíla-, véla- og efnaframleiðslu hafa vaxið minna á kostnað lyfjaframleiðenda og fjarskiptafyrirtækja sem fara upp fyrir þau.

Gull rýfur 500 dala múrinn

Únsan af gulli rauf í gær fimm hundruð dala múrinn í fyrsta skipti síðan í desember árið 1987. Paul Merrick, sérfræðingur í hrávöru- og gjaldeyrissamningum hjá RBC Capital, býst ekki við miklum hækkunum á gullverði á næsta ári. Hann segir í samtali við Financial Times að

japanskir kaupendur hafi verið áberandi að undanförmu og vilji frekar setja peningana sína í „öruggt skjól“ en að fjárfesta í verðbréfum og gjaldmiðlum.

Gull á þá enn nokkuð í land með að ná því verði sem það var í árið 1980 en þá fór únsan í 800 dali - eþa



Verndum heyrn

Skoðaðu úrval af heyrnahílífum á www.66north.is/heyrn



66° Norður - Miðhraun 10 - 210 Garðabæ - Sími: 535 6600 - Fax: 535 6601

TÍU VERÐMÆTUSTU FYRIRTÆKI EVRÓPU Í OKTÓBER 2005

Fyrirtæki	Land	Virði*
1. Total	Frakkland	145
2. Novartis	Sviss	120
3. Nestlé	Sviss	118
4. Roche	Sviss	100
5. UBS	Sviss	93
6. Sanofi-Aventis	Frakkland	88
7. BSCH-BCO Santander	Spánn	78
8. Telefónica	Spánn	77
9. Nokia	Finnland	76
10. ENI	Ítalía	73

* Markaðsvirði í milljörðum evra

TÍU VERÐMÆTUSTU FYRIRTÆKI EVRÓPU Í SEPTEMBER 1985

Fyrirtæki	Land	Virði*
1. Royal Dutch Shell	Holland	17
2. Daimler Benz	Þýskaland	12
3. Siemens	Þýskaland	11
4. Allianz	Þýskaland	7
5. Deutsche Bank	Þýskaland	7
6. SchweizBankgesellschaft	Sviss	5
7. Assicurazioni Generali	Ítalía	4
8. Bayer	Þýskaland	4
9. BASF	Þýskaland	4
10. Hoechst	Þýskaland	4

* Markaðsvirði í milljörðum evra

Heimild: Fidelity/Financial Times

Þýski bílaframleiðandinn Daimler var í öðru sæti listans árið 1985 en hefur nú fallið í 21. sæti. Siemens, Allianz, Deutsche Bank, Bayer, BASF og Hoechst falla einnig af listanum. Dvínandi máttur þýskra stórfyrirtækja endurspeglar í veikum efnahagskerfi og vantrú fjárfesta á hlutabréfamörkuðum þar í landi.

HRÆÐI OG ÖRYGGI
- í flutningum

Jónar geta látið sækja vörur heim að dyrum birgja nánast hvar sem er í heiminum, komið henni í skip eða flugvél eftir þörfum og séð um alla tilheyrandi skjalameðhöndlun erlendis og hérlendis. Auk þess leggja Jónar til alla þá vöruhúsa- og akstursþjónustu sem til þarf.

www.jonar.is



PEUGEOT

Finndu hvernig þú hefur það best



Partner 1.4i bensín
frá 1.490.000 kr.,
15.566. kr. á mánuði*



Expert 2.0 HDi diesel
frá 1.990.000 kr.
20.743.kr. á mánuði*



Boxer 2.0 HDi diesel
frá 2.190.000 kr.
22.814.kr. á mánuði*

TÖLUM UM AFBURÐAGÓÐA VINNUFÉLAGA

Peugeot vinnubílarnir eru hannaðir til að létta þér vinnuna á alla lund. Hvort sem talað er um vinnurýmið, flutningsrýmið, kraftinn, áreiðanleikann eða frábæra aksturseginnleikana er hugvitinu beitt til hins ítrasta til þess að þú getir flutt meira og vinnuástaðan sé það besta sem þekkest, bæði við akstur og hleðslu. Njóttu þess að fá meira út úr vinnunni.

* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum. Bjóðum einnig 10% - 20% útborgun.



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535


Gítar fyrir tækni- óða tónlistarmenn



Nýjasta sköpunarverk gítarframleiðandans Fender er sérstaklega ætlað þeim tónlistarmönnum sem vilja nýta sér tölvutækni í einu og öllu. Hönnuðir gripsins fengu örgjörvaframleiðandann Intel til samstarfs við sig við smíði frumgerðarinnar. Tölvubúnaði er komið fyrir í holrúmi gítarsins sem gerir tónlistarmanninum meðal annars kleift að taka tónlist upp á gítarinn og senda jafnskjótt áfram með tölvupósti, til dæmis til hljóm-sveitarmeðlima eða umboðsmanns. Jafnframt getur hann halað niður stefnum af internetinu, spilað þau í gegnum gítarinn og reynt að herma eftir. Komi til fjöldaframleiðslu gítarsins mun stykkið kosta nokkur hundruð þúsund krónur. - hhs

Engum tíma sóað

Helsta ástæða þess að fólk stundar ekki líkamsrækt sem skyldi er að það hefur ekki tíma. Sú afsökun er ekki lengur tekin gild í ríkisháskólanum í Minnesota. Þar er búið að koma upp fullkomnum tölvubúnaði á hlaupabrettum og öðrum tækjum líkamsræktarstöðvar háskólans. Nemandur geta því skrifað ritgerðir og skoðað tölvupóstinn sinn meðan þeir púla. Á mörgum líkamsræktarstöðvum er sjónvarp staðalbúnaður og jafnframt hafa verið til tæki með innbyggðum tölvuforritum. Stjórnendur háskólans ákváðu hins vegar að fara lengra með þetta og útbjuggu sérstaka standa með sveigjanlegu lyklorði sem þolir blóð, svita og tár nemenda. Reynir nú á samhæfingu nemendanna því víst er snúið að vélrita og hlaupa á sama tíma. - hhs



NEIL ARMSTRONG Á TUNGLINU Kínverjar vilja feta í fótspor hans og senda mann á tunglið.

Kínverjar á tunglið

Hjálmar Blöndal
skrifar

Kínverjar láta sér ekki nægja að Kína er orðið eitt af leiðandi veldum heimsins í milliríkjavarslun. Þeir hafa að undanförunu náð hverju takmarkinu á fætur öðru og hagvöxtur eykst í landinu ár frá ári. Nú vilja Kínverjar senda mann til tungslins og vilja byggja geimstöð í Kína. Hu Shixiang, hjá kínversku geimvísindastofnuninni, sagði að Kínverjar vildu vera fremsta þjóð heimsins árið 2012 í öllu sem við kemur rannsóknum á tunglinu. Geimfar með tveimur kínverskum geimförum hefur að undanförunu hringisólað í kringum jörðina og er fyrsta alvöru tilraun Kínverja í geimnum. Þeir ætla sér stærri hluti og sagði Shixiang að allir

könnunarleiðangrar Kínverja í geimnum væru gerðir í friðsamlegum tilgangi og ekkert kapp væri við Bandaríkin í þessum efnum. „Þetta er ekki kalda stríðið,“ sagði Shixiang.

Bandaríkjamenn hafa náð skör hærra í geimnum þar sem þeir leggja nú höfuðáherslu á að rannsaka yfirborð Mars en hafa vitaskuld ekki sent mannað geimfar til lendarar á plánetunni. Kínverjar láta sér tunglið nægja að minnsta kosti til að byrja með en tíminn leiðir í ljós hvort þeir reyna að nálgast plánetur jarðar í næstu tilraunum.

Kínverjar segjast hafa nægt fjármagn til könnunarleiðangra af þessu tagi og telja það nauðsynlegt fyrir stórveldi af því tagi sem Kína er orðið að kanna líf á öðrum plánetum en jörðinni.



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegningu. Volvo XC70.

Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjór hjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirk meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörmin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að bíllinn skraki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunktinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærra en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhykksvörminu í

framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnakka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvæði tau- eða leðurefni í stýri, lykklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarymið. Hugsaðu um börnin. Lífðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbils og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.



Volvo XC70 AWD bensín.
Verð 4.760.000 kr.*
Volvo XC70 AWD dísil.
Verð 5.060.000 kr.*

Vandræði með Xbox 360

Microsoft segist hafa fengið talsvert af tilkynningum um bilanir vegna nýju Xbox 360 leikjatölvunnar sem kom á markað í Bandaríkjunum í síðustu viku. Sumir eigendur hinnar nýju tölvu sögðu að tölvur þeirra hefðu hrunið þegar þeir voru að spila leiki í þeim.

Microsoft vonast til að selja 2,5 til 3 milljónir tölvu á fyrstu 90 dögum en æstir tölvuleikjaspilarar röðuðu sér upp fyrir utan verslanir til að fá fyrstu eintökin af tölvunni eftirsóttu.

Talsmenn Microsoft sögðu að um væri að ræða smáhnökra sem kippt yrði í liðinn og að fyrirtækið myndi greiða fyrir sendingar-



MEÐ XBOX 360 Anægðir tölvuleikjæigendur.

kostnað og annað fjártjón sem neytendur yrðu fyrir ef þeir keyptu gallaða vöru. - hb

Ekkert klink í glymskrattann iPod tekur völdin á kvöldin

Þeir sem eru orðnir þreyttir á tónlistinni á ölstofunum geta nú sjálfir tekið völdin og komið með sína eigin tónlist á barinn. Þetta verður sífellt vinsælla á skemmtistöðum í Bandaríkjunum. „Allir vilja vera plötusnúðar og núna fá menn betra tækifæri til þess en nokkurn tímann áður,“ segir bargestur í Chicago. Gömlu glymskrattarnir, sem hingað til hafa verið eins konar tákngervingar tónlistarinnar á börum vestanhafs, þurfa því hugsanlega að vika fyrir nýjustu tækni Apple. Framleiðendur hljóðkerfa leggja nú áherslu á að aðlaga nýjustu gerð af tækjum fyrir skemmtistaði og bari þannig að auðvelt verði að tengja iPod spilara við. - hb



IPOD Í TÖSKU
Hægt er að taka iPod-inn sinn með sér á bari og láta spilar eftirlætislögin sín í stað þess að hlusta á val barþjónsins.

SÖGUHORNID

Dánardagur Oscar Wilde

Þann 30. nóvember árið 1900 lést Oscar Wilde eftir viðburðaríka ævi. Hann var leikritaskáld og skrifaði auk þess skáldsögur, ljóð og smásögur. Hann var einn umtalaðasti karakter síns tíma og þekktur fyrir sitt hábeitta háð.

Wilde var framúrskarandi nemandi og sýndi ungur mikla skáldhæfileika. Hann hlaut námsstyrk til að nema í Magdalen-háskóla í Oxford. Þar varð Wilde þekktur fyrir að vera fagurkeri. Hann lét hár sitt vaxa og skreytti herbergi sitt með páfuglsfjöðrum, blómum og hinum ýmsu listmunum. Hann varð eitt helsta tákn þeirrar hreyfingar sem elskaði feegurðina og var dáður og hataður í senn.

Þegar Wilde útskrifaðist úr háskóla sneri hann aftur á



FAGURKERINN OSCAR WILDE

heimaslóðir í Dublin og varð ástfanginn af ungri konu. Þegar hún

trúlofaðist öðrum manni yfirgaf hann Írland og kom einungis tvisvar þangað aftur það sem eftir var ævinnar. Hann bjó í London, París og Bandaríkjunum og kenndi meðal annars fagurfræði. Í London kynntist hann dóttur auðkífings, Constance Lloyd, og þau giftu sig árið 1884. Heimamundurinn sem fylgdi henni nægði til að þau gætu lifað í vellystingum.

Kynhneigð Wilde var mikið umtalsefni og hann var þekktur fyrir sambönd sín við unga menn. Árið 1895 var hann handtekinn í London og ákærður fyrir að stunda ósiðasamlegt athæfi með öðrum karlmönnum. Í réttarhöldunum hélt Wilde fræga varnarræðu um ást milli tveggja karlmanna. Hún dugði ekki til og hann var dæmdur í tveggja ára hegningarvinnu. Fangelsisvistin fór illa með heilsu Wildes, hann lifði í felum fyrir samfélaginu og listinni næstu þrjú árin þangað til hann lést úr heilahimnuþolgu, einn á hótélherbergi í París. - hhs

Syngjandi borgarísjakar

Borgarísjakar syngja þegar þeir eru undir þrýstingi. Þetta segja þýskir vísindamenn frá German Alfred Wegener-stofnuninni sem sér um heimskaups- og sjávararrannsóknir. Vísindamennirnir töku eftir óvenju skýrum hljóðmerkjum þegar þeir voru að taka upp jarðbylgjumerki til að mæla jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfingar á Suðurskaupslandinu. Þegar þeir ráku hvaðan hljóðið kom fundu þeir borgarísjaka sem

hafði rekist á neðansjávarskaga og var smám saman að nuddast fram hjá honum. Við það myndaðist mikill þrýstingur og ísjakinn fór að syngja. „Lagið fer upp og niður, alveg eins og í alvöru melódíu,“ sögðu vísindamennirnir sem birtu niðurstöður sínar í tímaritinu Science á föstudag. - hhs

BORGARÍSJAKAR SYNGJA Þegar borgarísjakar rekast á hafsbötn myndast mikill þrýstingur og þeir fara að syngja.



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

Jólatilboð Brimborgar

Jólin nálgast
Kynntu þér greiðslukjörin
Komdu í Brimborg



Öruggur staður til að vera á



FRÁ FUNDI FORSVARSMANNA ÍBÚÐALÁNASJÓÐS Mikill stýrr hefur staðið um Íbúðalánasjóð undanfarna mánuði. Hafa stjórnendur sjóðsins oft þurft að svara harðri gagnrýni, bæði frá bönkum og Samtökum atvinnulífsins, varðandi starfsemi hans. Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að farið var eftir lögum þegar brugðist var við breyttum aðstæðum á íbúðalánamarkaði.

Lýsir efasemdum um lögmæti lánasamninga

Í nýrri stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar er ekki tekin afstaða til þess hvort lánasamningar banka og sparisjóða við Íbúðalánasjóð hafi verið löglegir. Bent er á að Fjármálaeftirlitið var með í ráðum frá upphafi við gerð þeirra. *Björgvin Guðmundsson* segir Ríkisendurskoðun gagnrýna Íbúðalánasjóð fyrir upplýsingagjöf.

Ríkisendurskoðun tekur ekki beina afstöðu til þess hvort lánasamningar, sem Íbúðalánasjóður hefur gert við banka og sparisjóði, hafi verið í samræmi við lög og reglur. Þetta kemur fram í nýrri stjórnsluúttekt sem Ríkisendurskoðun hefur gert á sjóðnum. Þar segir að með hliðsjón af stöðu og hlutverki Fjármálaeftirlitsins, sem sjálfstæðs eftirlitsaðila með fjármálastarfsemi, sé rétt að það úrskurði um slík álitamál í samræmi við lög. Bent er á að Fjármálaeftirlitið hafi verið upplýst um eðli þessara lánasamninga og látið þá viðgangast.

Hins vegar gagnrýnir Ríkisendurskoðun að það hafi ekki verið tilkynnt formlega þegar Íbúðalánasjóður hóf að nota þessa lánasamninga sem hluta af áhættustýringu sinni. Betur hefði átt að vanda til verka í því tilviki og kynna fyrir markaðsaðilum. Horfa verði til þess að stjórnendur Íbúðalánasjóðs hafi með þessu verið að forða sjóðnum frá yfirvofandi tjóni vegna mikilla uppgreiðslna íbúðalána og koma þokkalegu jafnvægi á milli eigna og skulda. Sé horft framhjá efasemdum um lögmæti þessara lánasamninga sýnist Ríkisendurskoðun að þessir gjörningar hafi tryggt hagsmunum sjóðsins með nokkuð viðunandi hætti.

KEYPTI LÁN BANKANNA

Í einföldu máli má segja að Íbúðalánasjóður hefur notað milljarða króna, sem hafa komið í kassann vegna uppgreiðslu íbúðalána í kjölfar þess að fjármálaframtæki fóru að bjóða hagstæð íbúðalán í fyrrihaust, til að kaupa lánasamninga sem bankar og sparisjóðir hafa gert við kaupendur fasteigna. Þannig hefur Íbúðalánasjóður tryggt að hann fái áfram tekjur af þessum peningum sínum því til sjóðsins renna afborganirnar af íbúðalánunum.

Hins vegar vita viðskiptavinirnir ekki betur en að þeir séu áfram að greiða bankanum sínum fyrir lánið. Ekkert breytist gagnvart þeim. Sparisjóðirnir hafa notað þessa aðferð mikið við að fjármagna sín íbúðalán, einnig Landsbankinn, Íslandsbanki minna en KB banki ekki neitt.

Íbúðalánasjóður fjármagnar starfsemi sína til langs tíma. Peningana sem hann tekur að láni notar hann til að lána aftur til íbúðakaupa og þiggur þóknun fyrir. Þegar fjölmargir greiddu upp lán sín var hætta á að misræmi yrði á milli eigna og skulda. Þá hefði sjóðurinn ekki lengur haft tekjur af peningunum en þyrfti samt áfram að borga sjálfur fyrir að fá þá að láni. Þess vegna var mikilvægt fyrir stjórnendur Íbúðalánasjóðs að finna nýtt hlutverk fyrir peningana og fá áfram tekjur af þeim til að standa undir afborgunum. Lánasamningarnir redduðu þeim vanda og kaupin á þeim voru skilgreind innan heimilda til áhættustýringar.

ATHUGASEMD EFTIRLITSINS

Í stjórnsluúttektinni kemur fram að Fjármálaeftirlitið hafi tæplega hálfu ári eftir að lánasamningar voru fyrst gerðir, eða 10. maí 2005, gert Íbúðalánasjóði það ljóst að samningar af þessu tagi væru orðnir verulegur þáttur í starfsemi sjóðsins. Áður hefði eftirlitið ekki gert athugasemdir enda var talið í upphafi að samningarnir hefðu verið gerðir til að bregðast við vanda á tilteknum tímamarki. Í ljósi þess að þetta var orðinn stór þáttur í starfsemi sjóðsins þyrfti að huga betur að og styrkja reglurnar sem bjuggu að baki.

Það gerði Árni Magnússon félagsmálaráðherra svo í september síðastliðinn þegar hann gaf út reglugerð þar sem skýrt var orðað að Íbúðalánasjóði væri heimilt að gera slíka samninga í áhættustýringar-

skyni. Forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs höfðu þá lengi haldið því fram að þetta væri þegar heimilt. Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við það enda hafi Fjármálaeftirlitið verið með í ráðum.

EKKI BUNDIÐ VIÐ VERÐBRÉF

Í umfjöllun Ríkisendurskoðunar um álitamál sem snúa að lánasamningunum er vitnað í álitgerð Jóhannesar Sigurðssonar, hæstarrettarlögmanns og prófessors við Rannsóknastofnun í fjármálafræðum við Háskólann í Reykjavík, frá því í ágúst síðastliðinn. Var hún unnin fyrir Samtök atvinnulífsins.

Jóhannes sagði meðal annars að Íbúðalánasjóður hefði heimild til þess að eiga viðskipti með verðbréf í því skyni að stýra áhættu en lánasamningar við fjármálaframtækir uppfylltu ekki þau skilyrði. „Samkvæmt reglunum er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með eigin verðbréf og önnur verðbréf í því skyni að stýra áhættu. Lánasamningarnir uppfylla ekki skilyrði þess að vera verðbréf,“ sagði Jóhannes.

Þessu mótmælti Árni Páll Árnason lögmaður og sagði Jóhannes gefa sér rangar forsendur. „Þvert á móti er sjóðnum heimilt samkvæmt lögum og reglugerðum að eiga önnur viðskipti en með verðbréf í áhættustýringarskyni,“ sagði Árni Páll.

Í stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar segir að Íbúðalánasjóður telji að heimildir til áhættustýringar séu alls ekki bundnar við viðskipti með verðbréf. Í því sambandi bendi sjóðurinn á að í samræmi við lög og reglur beri honum að stunda áhættustýringu. Í lögskýringum sé gert ráð fyrir að sjóðurinn beiti hefðbundnum aðferðum við þá stýringu. Skýrt sé tekið fram í reglugerð að aðferðir sjóðsins við áhættustýringu verði að vera skilgreindar og staðfestar í stjórn að fenginni umsögn

Fjármálaeftirlitsins. Í reglugerð séu heimildir til áhættustýringar ekki bundnar við verðbréf. Því séu lánasamningar eðlilegir enda hafi Fjármálaeftirlitið ekki gert einar athugasemdir þar að lútandi.

BÆTA VERÐUR UPPLÝSINGAGJÖF

Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki hægt að gagnrýna Íbúðalánasjóð fyrir framkvæmdina við kerfisbreytingu á lánum sjóðsins sem tók gildi um mitt síðasta ár. Það verð, sem fundið hafi verið þegar eigendur húsbrefta skiptu þeim yfir í nýju íbúðabréfin, hafi tekið mið af tillögum ráðgjafa. Farið hafi verið varlegar ef eitthvað er. Einnig verði að skoða markmiðið með skiptunum, en það var að skipta umtalsverðu magni bréfa og tryggja með þeim hætti skjóta og örugga verðmyndun með íbúðabréf. Telur Ríkisendurskoðun að þessi markmið hafi náðst samhliða því að skila Íbúðalánasjóði tekjum.

Einnig kemur fram að í ljósi mikilla uppgreiðslna íbúðalána hefði Íbúðalánasjóður átt að fara hægar í sakirnar við útgáfu nýrra íbúðabréfa. Þó það hafi verið í samræmi við heimildir sjóðsins var kostur á að endurlána uppgreiðslufé á ásættanlegum kjörum. Þetta er í samræmi við það sem greiningardeildir bankanna hafa haldið fram.

Síðasta uppgjör Íbúðalánasjóðs hefði líka mátt vera ítarlegra að mati Ríkisendurskoðunar. Það er einnig í samræmi við gagnrýni greiningardeilda bankanna á upplýsingagjöf sjóðsins. Í þeirri gagnrýni hefur komið fram að Íbúðalánasjóður er stærsti útgafandi skuldabréfa á Íslandi. Bréf sjóðsins séu undirstaða skuldabréfamarkaðar og myndi verðtryggða vaxtaferilinn, sem sé undirstaða allrar verðlagningar á fjármagnsmarkaði og vaxtarófs á Íslandi.

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

10,4%*

Peningamarkaðssjóður ÍV

*Nafnvöxtun frá 1. okt. 2005 - 31. okt. 2005 á ársgrundvelli

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.



Við viljum fá þig til að prófa þjónustuna okkar

Við bjóðum fyrirtækjum frían bíl í heila viku

Þjónusta er aðalsmerki Avis og til að leyfa þér og fyrirtæki þínu að upplifa hana af eigin raun bjóðum við ykkur án nokkurs kostnaðar afnot af bíl úr bílaflota Avis í 7 daga. Við erum þess fullviss að við eigum eftir að eiga gott og farsælt samstarf í kjölfarið og þú munir kunna að meta þjónustu okkar eins og fjölmörg önnur fyrirtæki gera.

Greiningar- og
ráðgjafastöð
ríkisins

Austurbakki

Hönnun

Nýherji

Byko

Orkuveita
Reykjavíkur

Maritech

Brunamála
stofnun

Oddi

Símenntunarstöð
Eyjafjarðar

Sæplast

Samskip

Hagar

Bakkavör
Group

Rúmfatalagerinn

Fiskistofa

HRV Group

Morgunblaðið

Flugmálastjórn

Biskupsstofa

We try
harder.®

Við leggjum okkur fram

Knarravogi 2 / Sími: 591 4000 / www.avis.is

AVIS

BORINN GEYSIR Ofurborinn sem kemst dýpst á 4000 metra dýpi. Bókfært virði hans nam um sex hundruð milljónum króna í lok síðasta árs.



Arðsamt borfyrirtæki kveður Ka

Jarðboranir hafa vaxið gríðarlega á síðustu árum og er fyrirtækið í fremstu röð borfyrirtækja í heiminum. Verkefnastaðan er afar góð eftir að félagið tryggði sér stærsta borverkefni Íslandssögunnar á Hellisheiði. Yfirtaka Atorku Group á Jarðborunum gæti verið í uppnámi eftir að Greiningardeild KB banka ráðlagði hluthöfum að hafna tilboðinu. *Eggert Þór Aðalsteinsson* fer yfir sögu Jarðborana.

Margt bendir til þess að innan skamms falli Jarðboranir í hóp flóttamanna sem hafa yfirgefið Kauphöll Íslands á undanförunum árum. Fjárfestingafélagið Atorka Group hefur eignast rúmlega 56 prósent hlutfjár í Jarðborunum og hyggst kaupa allt hlutfé í eigu annarra aðila. Það yrði nokkur sjónarsviptir að brotthvarfi Jarðborana, enda hafa aðeins FL Group, Hampiðjan, HB Grandi og Marel verið lengur skráð á íslenskum hlutabréfamarkaði.

FYRSTA EINKAVÆDINGIN TIL ALMENNINGS
Hlutafélagið Jarðboranir var stofnað árið 1986. Eigendur fyrirtækisins voru ríkissjóður og Reykjavíkurborg (Hitaveita Reykjavíkur) sem hvort um sig eignaðist helmingshlut. Með þessum hætti vildu eigendur treysta á það að hér væri fyrirtæki sem gæti annast borverkefni. Meginstarfsemi félagsins hefur falist í því að hagnýta sér auðlindir jarðar með borunum eftir heitu og köldu vatni, gufu og jarðsjó og rekstri tengdum því og ýmiss konar rannsóknunum og þróunarstarfi sem snýr að vinnslu og notkun jarðvarma. Starfsemin hefur á seinni stigum undið upp á sig með ýmsum hætti, til dæmis með kaupum á félögum sem starfa við landvinnslu og uppbyggingu húsnæðis.

Jarðboranir voru skráðar á Verðbréfaþing Íslands árið 1993 en ári áður höfðu ríki og borg selt stóran hluta af hlutfé sínu til almennings fyrir 138 milljónir króna. Jarðboranir markaðu stóran sess í sögu einkavæðingar á Íslandi þar sem fyrirtækið var fyrsta félagið í opinberri eigu sem var einkavætt og sett á hlutabréfamarkað og var jafnframt í hópi fyrstu fyrirtækja sem voru einkavædd hérlandis. Hluthöfum hafði fjölgað úr tveimur í ársbyrjun 1992 í 448 í lok sama árs.

Á sjöunda rekstrarárinu árið 1992 varð um 21 milljóna króna hagnaður á starfsemi fé-

lagsins en Jarðboranir hafa ávallt skilað hagnaði nema árið 1988. Fjárhagsstaða þess var mjög sterk í árslok 1992 en eigið fé nam um 550 milljónum króna og eiginfjárlutfallið var um 86 prósent.

Ríkið fór að öllu leyti út úr fyrirtækinu árið 1996 í hlutfjárútbóði sem gekk framur vonum. Markmiðið með útbóðinu var að ná dreifðri eignaraðild að félaginu og átti það að standa yfir í einn mánuð. Upphaflega ætluðu ríkið og Hitaveitan að selja samanlagt 18,5 prósent af sínu hlutfé. Allt seldist hins vegar á einum degi, það er 43 milljónir hluta á genginu 2,25. Ríkið ákvað í framhaldinu að selja fimmtungshlut sem eftir stóð. Alls seldust því 38,5 prósent hlutfjár fyrir rúmar tvö hundruð milljónir króna og keyptu 900 aðilar hlutabréf í Jarðborunum.

FLJÓTT Í ÚTRÁS

Jarðboranir hafa í gegnum tíðina unnið fjölmörg verkefni fyrir stóru orkufyrirtækin hér heima eins og Landsvirkjun, Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og RARIK. Markaðsstaða fyrirtækisins varð strax sterk á heimavelli en vaxtartækifæri að sama skapi takmörkuð miðað við orkuframkvæmdir.

Því var snemma tekin sú ákvörðun að horfa út á við. Árið 1992 fengu Jarðboranir sitt fyrsta verkefni á erlendri grundu þegar

REKSTUR JARÐBORANA – FIMM ÁRA YFIRLIT (Í MILLJÓNUM KRÓNA)

	2005*	2004	2003	2002	2001
Rekstrartekjur	3.561	3.871	1.808	1.265	1.105
Rekstrargjöld	2.601	3.140	1.495	1.089	1.036
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	871	933	439	273	162
Hagnaður ársins	510	432	232	143	17
Eignir	8.718	7.345	5.731	1.798	1.526
Eigið fé	2.847	2.659	2.342	1.051	943
Gengi hlutabréfa	20,6	20,2	9,95	7,15	7,2
Markaðsvirði	8.600	8.080	3.980	1.856	1.869
Eiginfjárlutfall	32,70%	36,20%	42,40%	58,40%	61,70%
Arðsemi eigin fjár	29,80%	19,50%	16,80%	16,00%	1,90%

* Miðað við fyrstu níu mánuði ársins



uphöllina

STÆRSTU HLUTHAFAR Í JARÐBORUNUM ÞANN 22.11.2005

Hluthafi	%
1 Atorka Group hf.	56,25%
2 Orkuveita Reykjavíkur	12,98%
3 Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.	3,97%
4 Jarðboranir hf.	2,78%
5 Líffeyrissjóður lækna	2,78%
6 Fjárfestingasjóður Búnaðarbankans	1,32%
7 Saxbygg ehf.	1,13%
8 MP Fjárfestingarbanki hf.	1,03%
9 Dexter Fjárfestingar hf.	0,99%
10 Fari ehf.	0,99%

samið var um borun eftir fersku vatni á Azoreyjum. Félaginu óx ásmegin á Azoreyjum, verkefnum fjölgaði og árið 1995 kom um helmingur af veltu þess erlendis frá. Árið 1999 náðust samingar um fyrsta háhitaverkefnið ytra þegar borun hófst á tveimur háhitaholum á stærstu eyju Azoreyja, São Miguel.

Árið 1998 var stigið mikilvægt skref þegar Jarðboranir stofnuðu dótturfélagið Iceland Drilling Ltd., sem var skráð í Wales og hefur umsjón með erlendum borverkefnum. Félagið hefur meðal annars fengist við verkefni á Írlandi, Bretlandi, Færeyjum og Azoreyjum. Í desember lýkur verki sem unnið er fyrir orkufyrirtækið Sogeo S.A. en þetta er stærsta verkefni sem Iceland Drilling hefur fengist við og nemur sammingsupphæðin tæpum hálfum milljarði króna. Borinn Jötunn er notaður til verksins.

„Samkeppnishæfni Jarðborana í háhita-

framkvæmdum á Azoreyjum á sér þrjár meginforsendur. Í fyrsta lagi veigamikla sérþekkingu og reynslu fyrirtækisins á háhitaborunum á Íslandi, sem eru einhverjar þær erfiðustu í heimi. Í öðru lagi reynslu af fjölþættri starfsemi á Azoreyjum eftir fyrri framkvæmdir og staðgóða þekkingu á háhitasvæðum þar syðra. Í þriðja lagi hefur stóruaúkun tækjabúnaður Jarðborana mikið að segja um útrásarmöguleika fyrirtækisins,“ segir í síðustu ársskýrslu Jarðborana.

VÖXTURINN HEFST OG RISAVERKEFNI TRYGGT

Á fyrstu átján rekstrarárum Jarðborana sýndi félagið vöxt sem einkenndist af stöðugleika og öryggi. Það var fjárhagslega sterkt með eiginfjárstöðu lengi vel á bilinu 75-90 prósent og hafði fulla burði til að ráðast í enn stærri verkefni ef tækifæri gæfist.

Straumhvörf urðu í rekstri Jarðborana fyrir tveimur árum þegar félagið festi kaup á Björgun og Einingaverksmiðjunni sem tvöfaldaði marksvirði fyrirtækisins og jók veltu þess um 45 prósent. Starfsmönnum samstæðunnar fjölgaði um eitt hundrað talsins. Kaupin voru ekki síður gerð til að spara umtalsverða fjármuni með hagræðingu og samrekstri þessara félaga.

Jarðboranir borguðu um 2,4 milljarða króna fyrir Björgun sem hefur verið leiðandi aðili í dýpkunarframkvæmdum í höfnum og landfyllingum. Kaupin voru gerð á góðum tíma, enda hefur verktakamarkaður blómstrað á síðustu árum með hækkandi fasteignaverði. Fyrirtækið annaðist uppbyggingu bryggjuhverfa í Grafarvogi og Sjalandi og hefur í bígerð að byggja upp sambærilegt hverfi í Kársnesi Kópavogi.

Velta Jarðborana meira en tvöfaldaðist á síðasta ári þegar rekstur beggja dótturfélaga var að fullu kominn inn í rekstur móðurfélagsins. Jarðboranir veltu um 3,8 milljörðum króna og skiluðu 432 milljónum í hagnað sem var metaframt jökst markaðsvirði þess úr fjórum milljörðum í rúma átta milljarða.

Á dögum sömdu Jarðboranir við Orkuveitu Reykjavíkur um sjö milljarða borverkefni á Hellisheiði sem er stærsti samningur sinnar tegundar hér á landi og stærsta verkefni Jarðborana frá upphafi. Samningstíminn er frá júní 2006 til desember 2009. Til samantals gerðu sömu aðilar með sér samning í fyrrasumar um borun fyrir gufu á Hellisheiði en fjárhæð verkefnisins hljóðaði upp á 2,3 milljarða króna. Ljóst er að nýi samningurinn hefur gríðarlega mikið að segja um framtíðarrekstur fyrirtækisins.

Þannig áætla Greiningardeild KB banka, sem gaf út á dögum greiningu á Jarðborunum, að tekjur félagsins vaxi um 30 prósent á þessu ári, um fjórðung á næsta ári, tólf prósent árið 2007 og um tíu prósent að meðaltali frá 2008-2014. Um 65 prósent tekna Jarðborana koma frá orkuvinnslu en restin frá byggingastarfsemi. Gerir KB banki ráð fyrir að þáttur orkuvinnslunar vaxi hraðar en verktakastarfsemin þegar til lengri tíma er litið.

ATORKA NÆR MEIRIHLUTA

Atorka Group, fjárfestingafélag sem sérhæfir sig í umbreytingarverkefnum, hefur verið iðíð við kolann á hlutabréfamarkaði og tekið mörg félög af markaði á undanförunum árum. Afl fjárfestingafélaga, Austurbakki, Líf og Sæplast voru skráð í Kauphöllinni áður en Atorka eignaðist þau.

Atorka hefur um nokkurra ára skeið átt yfir 40 prósent hlutafjár í Jarðborunum þar til í nóvember að félagið keypti um tólf prósent hlut af Borr Corporation, félags í eigu Sigurðar R. Helgasonar, framkvæmdastjóra Björgunar, og Sigurði Þór Kristjánssyni, framleiðslustjóra hjá Björgun. Þar með hefur Atorka tryggt sér 56 prósent hlutafjár og verður að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð innan skamms.

Það er varla tilviljun að Atorka láti til skarar skriða nú þegar reksturinn er í miklum blóma og verkefnastaða bæði innanlands og erlendist hefur aldrei verið betri. Hagnaður Jarðborana á fyrstu níu mánuðum ársins var 510 milljónir króna sem er meiri hagnaður en allt árið í fyrra og stefnir í að verða hátt

í 700 milljónir króna fyrir árið í heild. Margt bendir til þess að yfirtaka á Jarðborunum sé mjög ákjósanlegur kostur – ef hún gengur upp. Nýlegt verðmat á Jarðborunum, sem Greiningardeild KB banka hefur gefið út, gæti reynst Atorku þrándur í götu. Verðmatsgengi á Jarðborunum hljóðar upp á 31,1 krónu á hlut, sem samsvarar að markaðsvirði félagsins sé tólf milljarðar króna, en tilboð Atorku mun hljóða upp á 25 krónur á hlut í skiptum fyrir hluti í Atorku á genginu sex.

„Niðurstaða okkar er að tilboð upp á 25 krónur á hlut endurspeglar ekki þau verðmæti sem fólgin eru í rekstri Jarðborana. Að auki teldum við það slök skipti að skipta á bréfum í Jarðborunum og Atorku Group,“ segir Greiningardeild KB banka í verðmatinu.

HVAÐ GERIR OR?

Næst stærsti hluthafinn í Jarðborunum er Orkuveita Reykjavíkur með um þrettán prósent eignarhlut. Telja má víst að ef Orkuveitan gengur að tilboði Atorku – að því gefnu að það samsvari því sem greitt var fyrir í nóvember – þá tryggir Atorka sér um 90 prósent hlutafjár og getur farið í innlausn útstandandi hluta. Atorka ætlar í kjölfar yfirtökutilboðsins að óska eftir því að hlutabréf Jarðborana hf. verði afskráð úr Kauphöll Íslands.

Stóra spurningin er sú hvort OR selji hlut sinn að svo stöddu eða fari fram á hærra verð frá Atorku. Tengsl Jarðborana og Orkuveitunnar eru samofin bæði í sögulegu og rekstrarlegu samhengi. Mikil samvinna hefur verið með fyrirtækjunum í gegnum tíðina og stjórnarformaður Jarðborana, Guðmundur Þóroddsson er jafnframt forstjóri Orkuveitunnar. Ætla má að Orkuveitan hafi verið með í ráðum þegar gengið var frá síðustu kaupum Atorku en hins vegar hefur landslagið breyst mjög með verðmati KB banka og gæti pólitík blandast inn í málið á kosningavetri. Ef OR selur á genginu 28 þá fær hún fyrir sinn snúð nærri 150 milljónum meira en ef hún selur á genginu 25 og nærri 300 milljónum ef verðmat KB banka á Jarðborunum er haft til hliðsjónar.



Ný kynslóð bora

Kraftmesti bor Jarðborana er Geysir sem getur kemst á fjögur þúsund metra dýpi. Til samantals kemst háhitaborinn Jötunn niður á 3.300 metra dýpi og Sleipnir niður á 2,4 kílómetra. Borinn er hannaður af Soilmecc á Ítalíu og tekur mið af nýjustu framþróun í bortækni og breytilegum þörfum viðskiptavina.

Með tilkomu Geysis gátu Jarðboranir tekist á við mun stærri og erfiðari verkefni en áður og eflt sína útrás. Geysir er af nýrri kynslóð bora sem eru hannaðir til að bora eftir jarðvarma, olíu og gasi með áherslu á árangur, öryggi og sjálfvirkni. Borinn kom til landsins á síðasta ári og kostaði um sex hundruð milljónir króna.



FRÁ AZOREYJUM Jarðboranir hafa unnið að borverkefnum á Azoreyjum frá árinu 1992. Reynsla af háhitaborunum á Íslandi, fyrri störfum á Azoreyjum og stóruaúkun tækjabúnaður veitir fyrirtækinu forskot í samkeppni á eyjunum.

FÓLK Á FERLI

INGIMUNDUR BIRNIR hefur tekið við starfi forstjóra Íslenska járnblendifélagssins ehf. Ingimundur er efnapræfingur frá Háskóla Íslands og efnaverkfræðingur frá Lund Tekniska Högskola. Hann stundaði nám í rekstrar- og viðskiptafræðum við Endurmenntunarstofnun HÍ 1998. Að loknu verkfræðinámi í Svíþjóð árið 1992, starfaði hann um fimm ára skeið sem sérfræðingur hjá Íslenska járnblendifélaginu. Frá 1997 til 1999 starfaði Ingimundur sem framkvæmdastjóri framleiðsluviðs Lyfjaverslunar Íslands ehf. og frá 1999 til 2000 sem verksmiðjustjóri Alpan ehf. Frá 2000 til 2003 sem framkvæmdastjóri framleiðsluviðs ÍJ og frá 2003 til 2005 sem framkvæmdastjóri framleiðslu- og tæknisviðs ÍJ. Ingimundur er 43 ára gamall, kvæntur Elínu Björk Jóhannesdóttur nema. Þau eiga eina dóttur.

JOHAN SVENSSON, fyrverandi forstjóri Íslenska járnblendifélagssins, hefur tekið við starfi verkefnisstjóra við byggingu rafskautaverksmiðju í Mosjón í Noregi. Um er að ræða víðamikil samvinnuverkefni Elkem og Alcoa.



TALAD Í KAUPHÖLLINI Markaðssérfræðingar í Kauphöllinni í New York.

Dow Jones í hæstu hæðum

Dow Jones vísitalan í Bandaríkjunum náði sínu hæsta gildi við opnun markaða í Bandaríkjunum í gær. Hún mældist 10.952 stig sem er hæsta gildi hennar frá því hryðjuverkaárásirnar voru gerðar í New York og Washington 11. september 2001. Markaðir höfðu aðeins verið opnir í þrjátíu mínútur þegar bréf þeirra fyrirtækja sem eru hvað mest verðmyndandi á markaðnum fóru að hækka, þar á meðal Coca-Cola og McDonald's.

Markaðir í Bandaríkjunum hafa verið í mikilli uppsveiflu að undanförunu og efnahagslífið allt. Nýlega birtust af því fréttir að fjöldi nýrra einbýlishúsa hefði aldrei verið meiri en í nóvember og þá hefur verið vöxtur í smáslu.

Nasdaq-markaðurinn lækkaði hins vegar lítillega við opnun á meðan allar helstu vísitölur Dow Jones hækkuðu. - hb

Setið á síldartunnum Sægreifans

Í gamalli verbúð á Geirsgötunni er fiskbúð sem á sér engan líka. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir hitti greifann og smakkaði á súpunni sem fær blóðið til að þjóta um æðarnar.

Innan um gömlu verbúðirnar á Geirsgötunni er lítil fiskbúð sem lætur ekki mikið yfir sér að utanverðu. Þegar inn er komið kemur í ljós að ekki er um neina venjulega fiskbúð að ræða. Þar hittir maður fyrir Kjartan Halldórsson sem stærstan hluta lífs síns var kokkur á sjó, meðal annars á togurum og hjá Landhelgisgæslunni, en ákvað fyrir þremur árum að söðla um. Hann fór þó ekki langt frá sjónum heldur krækti sér í eina verbúðina á Geirsgötunni og opnaði þar búðina sem hann nefndi Sægreifann.

GRILLAD Á PALLINUM

Sægreifinn gat sér fljótlega góðs orðs enda var þar hægt að fá ferskan fisk af ýmsu tagi úr hendi þessa vinallega fagmanns. Fljótt tóku ferðamenn að venja komur sínar þangað og oft kom fyrir að þeir báðu Kjartan um að matreiða fiskinn fyrir sig á staðnum. Kjartan, sem er afskaplega þjónustulundaður maður, gerir flest til að geðjast viðskiptavinum sínum og varð að sjálfsögðu við þeim bænum. Hann kom sér upp grilli fyrir utan verbúðina og byrjaði að grilla. Fljótt spurðist út meðal erlendra ferðamanna að niðri á sjó stæði íslenskur sjómaður sem grillaði ofan í vegfarandur klæddur sinni íslensku lopapeysu. Og fyrirsurnirnar um grillfisk urðu sífellt fleiri.

Þegar Kjartan sá viðtökurnar ákvað hann að byggja pall fyrir utan verbúðina, sótti um leyfi og breytti fiskbúðinni þannig að hægt væri að borða matinn á staðnum eða taka hann með. Hann ítrekar þó að enn sé þetta fiskbúð en ekki veitingastaður. Hann fékk þá Hörð Guðmannsson og Steingrím Matthíasson í lið með sér og á sjómanna daginn í sumar opnaði Sægreifinn í breyttri mynd. Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum og var fullt út úr dyrum í allt sumar. Kjartan þurfti jafnvel að ráða til sín þrjár góðar konur til að anna eftirspurninni enda hafði hann í nógu að snúast við að matreiða sjálfur ofan í gestina. Hann hafði lært eitt og annað um matreiðslu á fiski við störf sín sem kokkur úti á hafi sem skilar sér greinilega í matnum sem hann útbýr fyrir Sægreifann.

SKÖTUVEISLAN Á NÆSTU GRÖSUM

Sægreifinn er sérstaklega vinsæll meðal ferðamanna en Kjartan á einnig dyggan fastakunnahóp meðal Íslendinga. Jafnan sitja við borðið hjá honum nokkrir karlar og konur að spjalla um daginn og veginn og sötra kaffi. Fiskbúðin ber með sér persónuleika Kjartans og fyrir vikið afar heimilisleg. Setið er á bólstruðum síldartunnum við langborð og hann gengur milli gesta sinna, sér til þess að engan skorti neitt og notar jafnan orðin „elsku vinur“ og „elsku vina mín“. Veggirnir eru fullir af myndum af ýmsum gerðum og

útsaumum orðatiltækjum á borð við „Kaffisopinn indæll er“. Þá eru þarna einnig uppstoppuð dýr, selur, áll og hrútshöfuð, sjóhattur og -vettlingar, fiskinet og annað sem minnir á sjóinn og sjómannslífið. Á Sægreifanum er verðinu stillt í hóf enda ekki um nokkurt þrjál að ræða sem lyftir verðinu þegar kemur að innanstokksmunum og áhöldum. Maturinn er einfaldlega borinn fram í plastlátum og ekki hafðar áhyggjur af atriðum eins og að bollinn passi ef til vill ekki við skálina.

Sægreifinn er ekki stór staður á að líta en þó má koma 25 manns fyrir inni og aðrir 35 geta setið á pallinum þegar vel viðrar. Súpan hans varð fræg í sumar og hefur borið vinsældir með sér inn í veturinn enda fátt betra á köldum vetrardegi en þessi kröftuga súpa sem lætur blóðið streyma hraðar um æðarnar. Fiskisþjótin standa líka alltaf fyrir sínu og Kjartan vílar það ekki fyrir sér að standa úti og grilla fyrir gesti sína þótt það sé kominn vetur. Þar að auki má fá allar gerðir af ferskum fiski eins og í hefðbundnum fiskbúðum. Nú stendur síldarveislan yfir og eru þrettán gerðir af sælkerasíld í boði. Þann 10. desember hefst svo skötuveislan og segir Kjartan að verðinu verði stillt í hóf svo allir geti fengið sér skötu með vestfirskum hnoðmör og

grjónagraut með eða án rúsína á skikkanlegu verði.

ÍSLENSKI ÁLLINN ER BESTUR

Helsta stolt Kjartans er állinn sem hann reykir sjálfur á Geirsgötunni. Hann er sérstakur áhugamaður um álaveiðar og hefur staðið fyrir því að koma upp álagildrum vítt og breitt um landið og útvegað bændum og veiðiréttihöfum gildirur. Kjartan segir að besti állinn komi frá Járngerðarstaðabændum í Grindavík og þaðan sækir hann sinn ál. Þetta er mikið sælgæti enda leggur hann mikla alúð í vinnsluna og hefur náð góðum tókum á reykingunni að eigin sögn. Kjartan fullyrðir að íslenski állinn sé sá ferskasti í heimi og betri en hjá Dönum, Þjóðverjum og öðrum þjóðum þar sem hefðin er löng.

Kjartan gerir sér vonir um að honum verði úthlutað auknu plássi undir reksturinn, hvort sem verður í nærliggjandi verbúðum eða eftir að fyrirhugaðar breytingar ganga í gegn. Hann hefur lítið sem ekkert geymslupláss fyrir fiskinn eins og stendur og vantar sárlega aðstöðu til að geta gert að álum og öðrum fiski. Núna þarf hann að kaupa fiskinn fullunninn sem honum þykir miður. Að álum gerir hann í Hafnarfirðinum eða annars staðar þar sem hann getur fengið aðstöðu sem krefst mikillar fyrirhafnar. Að öðru leyti en þessu hyggst hann ekki fara út í frekari breytingar enda er hann ánægður með líf Sægreifans.



ÁLLINN ER STOLT SÆGREIFANS Kjartan Halldórsson er mikill áhugamaður um álaveiðar og reykir sjálfur sinn ál sem þykir mikið sælgæti.

BESTA RÁÐIÐ

Vingast ekki á fyrsta degi

Eftir að Sigurður G. Guðjónsson útskrifaðist úr menntaskóla réði hann sig sem kennara á Stykkishólmi. Þar kenndi hann krökkum sem sum voru ekki nema þremur árum yngri en hann. Sigurður hafði enga reynslu af því hvernig ætti að meðhöndla unga nemendur og þurfti að finna leið að því að öðlast virðingu þeirra. Skólastjórinn á staðnum, sem jafnframt var gamalreyndur kennari, hvíslaði því að Sigurði að best væri að brosa ekki fyrir áramót. Þannig næði maður föstum tókum á nemendum.

„Fyrst þarf að byggja upp aga í bekknum og nemendurnir

þurfa að átta sig á því hvar mörkin liggja. Þegar á það stig er komið bera þeir virðingu fyrir þér og geta orðið vinir þínir,“ segir Sigurður sem er viss um að þetta sé ekki góð uppeldisfræði og vafalaust þvert á allar línur í kennslufræðum. Hvernig sem því líður hefur þetta reynst honum vel, bæði í kennslu og á öðrum sviðum lífsins. Hann segir nauðsynlegt að hleypa fólki hæfilega hratt að sér. „Þegar menn taka við einhverju nýju eiga þeir aldrei að reyna að verða vinir allra á fyrsta degi. Til að ná tókum á verkefnum þarf fyrst að ná upp aga og ákveðinni fjarlægð.“ - hhs



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON, STJÓRNARFORMAÐUR ÁRS OG DAGS Brosti ekki fram að áramótum og náði þannig vinnskap og virðingu nemenda sinna.

Þú sinnir öðru á meðan við sinnum þínum flutningamálum



Fraktlausnir
Flutningar án landamæra



Skútvogur 1e · Sími 5 200 600 · frakt@frakt.is · www.frakt.is

Sameppni ríkisfyrirtækja við einkaaðila

Endurskoða þarf reglulega þörfina fyrir tilteknar ríkisstofnanir.

Viðskiptaráðs Íslands gaf út álit í síðustu viku þar sem sjónum var sérstaklega beint að ríkisstofnunum. Þær hafa lögbundnu hlutverki að gegna sem yfirleitt er nokkuð skýrt afmarkað. Í álitinu kemur fram að það blasi við að í mörgum tilvikum fari starfsemi ríkisstofnana út fyrir lögbundið hlutverk þeirra. Mörkin séu oft óljós milli þess sem menn telja ríkið eiga að framkvæma og þess sem markaðurinn sinnir alla jafna. Hins vegar eigi það að vera regla að um leið og einkaaðilar hasla sér völl á ákveðnu sviði að lögð sé niður sambærileg verkefni hjá ríkisstofnunum.

Ýmis embætti ríkisins falla undir þá skilgreiningu að vera ríkisstofnanir. Þannig eru til dæmis héraðsdómstólar og sýslumannsembætti talin til ríkisstofnana. Fjöldi ríkisstofnana er um 240 en að minnsta kosti um 30 þeirra eru þess eðlis að um samkeppni þeirra við einkaaðila gæti verið að ræða. Er aðallega um að ræða stofnanir sem hafa einhvers konar víðtækara þjónustuhlutverki að gegna heldur en þeirri þjónustu sem leiðir af

stjórnsýslunni.

Í niðurstöðum álits Viðskiptaráðs kemur fram að mörk ríkisrekstrar og einkarekstrar séu nokkuð skýr miðað við þá meginstefnumörkun sem ríkisstjórnir síðustu ára hafa haft varðandi ríkisrekstur. Með einkavæðingu síðustu ára hafi markvisst verið unnið að því að leggja niður samkeppni ríkisins við einkaaðila. Sömu sjónarmið eigi við um ríkisstofnanir. Það eigi að gera þá kröfu til forstöðumanna ríkisstofnana að þeir sjái til þess að stofnunin sé ekki í samkeppni á markaðnum.

Viðskiptaráð bendir einnig á að mikil ábyrgð hvíli einnig á einkaaðilum. Þeir verði að búa svo um hnútana að opinberir aðilar upplifi ekki hvatningu til þess að veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila. Þannig þurfi einkaaðilar að meta það með skipulegum hætti hvort rétt sé að þiggja opinbera þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila, jafnvel þótt sú opinbera sé veitt gegn vægara gjaldi eða jafnvel ókeypis.

Fjöldi ríkisstofnana er um 240 en að minnsta kosti um 30 þeirra eru þess eðlis að um samkeppni þeirra við einkaaðila gæti verið að ræða.



VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS GEFUR ÚT ÁLIT Í álitu Viðskiptaráðs Íslands kemur fram að það eigi að gera þá kröfu til forstöðumanna ríkisstofnana að þeir sjái til þess að stofnunin sé ekki í samkeppni á markaðnum.



ÞARFTU Á ÞJÓNUSTU AÐ HALDA VEGNA FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTA?

Fyrirtækjamiðlun veitir seljendum og kaupendum fyrirtækja þjónustu. Þjónustan felst í að aðstoða aðila við að ná saman um fyrirtækjaviðskipti og gera alla nauðsynlega samninga vegna þess. Hér er um víðtæka þjónustu að ræða sem byggist á reynslu og þekkingu og þar sem trúnaður er í fyrirrúmi:

- Aðstoð við kaup á fyrirtækjum.**
- Aðstoð við sölu á fyrirtækjum.**
- Aðstoð við sameiningu fyrirtækja.**
- Aðstoð við fjármögnun fyrirtækjaviðskipta.**
- Aðstoð við stofnun fyrirtækja.**

Jón G. Briem hrl. og löggiltur fyrirtækjasali.

Fyrirtækjamiðlun, Skipholt 50b, 105, Reykjavík. Símar: 561 9505 og 895 0209. Fax: 561 9501. Tölvupóstur: jongbriem@trod.is. Vefsíða: www.fyrirtækjamiðlun.is

NÝTT MEISTARAVERK - LEXUS IS 250



Nýr Lexus IS 250 er lúxusbíll sem vekur aðdáun vandlátra sérfræðinga og bílunnenda um allan heim.

Nýr Lexus IS 250 er algjört eðaltæki, einstök listasmíði þar sem háþrúð tækni, þægindi og öryggi eru í öndvegi. Hann býður þeirra sem gera kröfur um framúrskarandi gæði.

Verð frá 3.800.000 kr.

 **LEXUS**
The pursuit of perfection

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Réttindi lítilla hluthafa eru hvað veikust við yfirtökur.

Að neyðast til að selja

Hafliði Helgason

Ef heldur fram sem horfir mun Jarðboranir hverfa úr Kauphöllinni innan skamms. Það er eftirsjá af því ágæta fyrirtæki úr Kauphöllinni, enda verið þar lengi.

Fyrirtækið er eitt þeirra sem hafa vaxið og dafnað undanfarnar áratug og eitt þeirra fyrirtækja sem var fyrst til að skapa sér verkefni erlendis. Grundvöllur þess var sá hugsunarháttur að ef fyrirtækið væri gott í því sem það gerði hér, þá væru miklar líkur á að það gerði sömu hluti einnig vel annars staðar. Sá hugsunarháttur hefur reynst íslenskum fyrirtækjum happadrygður.

Tilboð til hluthafa Jarðborana vegna væntanlegrar yfirtöku er á genginu 25. Greiningardeild KB banka birti hins vegar greiningu á fyrirtækinu og er niðurstaða greiningarinnar að gengið 31 endurspeglar verðmæti fyrirtækisins.

Þessi munur vekur upp ýmsar spurningar og leiðir óneitanlega hugann að stöðu smærri hluthafa í skráðum félögum. Lítilir hluthafar eiga oft fáa kosti þegar yfirtökutilboð er sett fram. Hluthafar geta metið það sem svo að meiri verðmæti felist í bréfum sínum. Hins vegar þýðir afskráning úr kauphöll að engin verðmyndun verður á bréfunum og þau því illseljanleg vara. Þannig er litlum hluthöfum oft nauðugur sá kostur að selja bréf sín gegn betri vitund.

Sá sem gerir yfirtökutilboðið tekur venjulega litla áhættu með því. Hann getur nánast reiknað með að flestir gefi eftir nema að tilboðið sé gjörsamlega út úr öllu korti. Þegar niútiú prósentá marki er náð, þá myndast söluskylda hjá þeim sem þráast hafa við og björninn er unninn. Að vísu getur annar komið og gert hærra tilboð, en þá hefur sá fyrri möguleika á að hækka sitt tilboð. Slíkt er sjaldnast raunin og söguleg áhætta af slíku er lítil.

Reglulega spretta upp raddir sem kvarta yfir meðferð á litlum hluthöfum í almenningshlutafélögum. Oft er sú gagnrýni einfaldlega byggð á vantrú á stærstu eigendum og stjórnendum fyrirtækisins. Í slíkum tilfellum á gagnrýnin illa við og er best fram sett með þeim einfalda hætti að óánægður hluthafi selji bréf sín.

Í tilfalli yfirtöku er ekki um slíkt að ræða. Þar á lítil hluthafi fáa kosti nema að fara með fyrirtækið í matsferli sem er tímafrekt og ólíklegt að skili miklu. Hann getur haft fulla trú á núverandi rekstri og framtíð félagsins, en neyðist eftir sem áður til að selja. Mýmörg dæmi eru um slíkar yfirtökur og afskráningar þar sem margir hluthafar hefðu gjarnan viljað eiga bréf sín lengur. Sem dæmi má nefna afskráningu Baugs, Samherja og Íslenska járnblendifélagsins, þar sem ríkið sem næststærsti hluthafi neyddi litla hluthafa sem það hafði selt bréf sín til að selja með tapi þegar verð á hrávöru var í lágmarki í heiminum.

Afskráning og yfirtaka fyrirtækja er oft partur af eðlilegri þróun þegar menn telja að markaðurinn vanmeti fyrirtækin. Þeir sem hafa áhuga á því að efla réttindi lítilla hluthafa ættu að horfa til réttinda þeirra við afskráningu fyrirtækja. Þar má örugglega leita úrbóta frá núverandi reglum.

bjorgvin@markadurinn.is | hjalmar@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is

Minni áhætta og meiri ávöxtun

ORÐ Í BELG

Brynjarn Agnarsson,
sölu og markaðs-
stjóri Asset Alliance
í London.



skortselja hlutabréf og er hér verið að spá því að bréfin eiga eftir að lækka. Að skortselja bréf þýðir að selja bréf sem sjóðstjórninn á ekki en hefur fengið að láni en getur svo keypt aftur á lægra verði og þannig hagnast á fallandi verði bréfana. En það eru til ótal aðrar strategíur sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum, afleiðusamningum, gjaldmiðlum og svo má lengi telja.

Þrátt fyrir nýtilkomna athygli eru vognarsjóðir ekki nýtt fyrirbæri, fyrsti vognarsjóðurinn var stofnaður af A.W Jones 1952 og árin 1967 og 1969 stofnuðu Steinhardt Partners og George Soros sína fyrstu sjóði. Þar til á síðasta áratug voru flestir fjárfestar í vognarsjóðum vel efnadír einstaklingar en um miðjan níunda áratug hófu fagfjárfestar eins og lífeyrissjóðir og tryggingarfyrirtæki að fjárfesta í vognarsjóðum. Það má til dæmis nefna að yfirmaður fjárfestinga í vognarsjóðum hjá Asset Alliance var áður fyrr framkvæmdarstjóri lífeyrissjóðs RJR

Nabisco sem hefur fjárfest í vognarsjóðum síðan á miðjum níunda áratugnum. Það voru einmitt bandarískir fagfjárfestar sem fyrstir fjárfestu í vognarsjóðum en einnig má nefna skandinavíska fjárfesta sem hafa verið í fararbroddi evrópskra fjárfesta á þessu sviði. Það var svo þegar tæknibólann sprakk þegar fagfjárfestar fóru í auknum mæli inn í vognarsjóði enda hljómaði ávöxtun án tillits til markaðssveiflna vel í eyrum fjárfesta á þeim tímum þegar markaðir féllu snarlega. Í dag hafa 35% fagfjárfesta í Evrópu vognarsjóði í eignarsafni sínu, 27% í Norður-Ameríku og 59% í Japan. Almennt hafa fjárfestar frá 5% til 20% af eignarsafni sínu í þessum fjárfestingarflokki, en oft er hlutfallið hærra.

Flestir fagfjárfestar nota sjóðasjóði (Fund of Hedge Funds) sem aðgang að vognarsjóðum eða 86% af evrópskum fjárfestum. Sjóðasjóðir eru notaðir þar sem, til þess að njóta áhrifanna frá vognarsjóðum (að þeir lækki áhættu en hækki ávöxtun á eignarsafni), þarf að fjárfesta í minnst 25-35 sjóðum og því líkar fjárfestingar kalla á stórt teymi sérfræðinga. Til að mynda má nefna að hjá Asset Alliance eru 17 manns sem fást eingöngu við fjárfestingar í vognarsjóðum og flestir fagfjárfestar hafa ekki mannaflíð sem þarf til og nota því fyrirtæki eins og Asset Alliance sem sérhæfa sig í fjárfestingum á vognarsjóðum.

Þessi eiginleiki vognarsjóða til að lækka áhættu en hækka ávöxtun er á bak við aukinn áhuga fagfjárfesta á eiginleikum vognarsjóða. En einnig eru fjárfestar að leita að alpha sem er umframávöxtun yfir markaðinn og að leita að fjárfestingarflokki sem er óháður sveiflum markaðarins. Einnig er áhugavert að skoða vognarsjóði sem leið inn í áhættusama markaði eins og Asíu, Austur-Evrópu og Suður-Ameríku. Markaðir þar gefa góð tækifæri fyrir hæfileikaríka sjóðstóra sem geta verndað fjárfesta fyrir mörgulegri áhættu sem þeim mörkuðum fylgir en hafa jafnframt aðgang að hárrí ávöxtun sem vonast er eftir.

Mýmörg dæmi eru um slíkar yfirtökur og afskráningar þar sem margir hluthafar hefðu gjarnan viljað eiga bréf sín lengur. Sem dæmi má nefna afskráningu Baugs, Samherja og Íslenska járnblendifélagsins, þar sem ríkið sem næststærsti hluthafi neyddi litla hluthafa sem það hafði selt bréf sín til að selja með tapi þegar verð á hrávöru var í lágmarki í heiminum.



Þrátt fyrir nýtilkomna athygli eru vognarsjóðir ekki nýtt fyrirbæri, fyrsti vognarsjóðurinn var stofnaður af A.W Jones 1952 og árin 1967 og 1969 stofnuðu Steinhardt Partners og George Soros sína fyrstu sjóði. Þar til á síðasta áratug voru flestir fjárfestar í vognarsjóðum vel efnadír einstaklingar en um miðjan níunda áratug hófu fagfjárfestar eins og lífeyrissjóðir og tryggingarfyrirtæki að fjárfesta í vognarsjóðum.

UM VÍÐA VERÖLD

Lítið sem ekkert svigrúm

Financial Times | Financial Times telur að Angelu Merkel bíði ekki öfundsvært hlutskipti að snúa við hjólum þýska efnahagslífsins og hefja landið til fyrri virðingar. Eftir fimm ára stöðnum í þýska hagkerfinu óx útflutningur um nær fimm prósent á milli annars og þriðja ársfjórðungs og hafa fjárfestingar aukist á ný sem eru góðar fréttir. Hins vegar eru engin merki um að einkaneysla sé að taka við sér en hún féll þriðja ársfjórðunginn í röð enda er atvinnuleysi enn mikið, kaupmáttur stendur í stað og væntingar neytenda nánast í sögulegu lágmarki. Vandamálin blasa við eftir stjórnartíð jafnaðarmanna og er ljóst að Merkel biður erfitt verkefni. Margir eru efins um að samsteypustjórn Merkel hafi nægjanlegan styrk til að takast á við stór og nauðsynleg verkefni sem felast í umbótum á stöðnuðum vinnumarkaði og svifaseinu félagslegu kerfi. Allir vita þó að aðgerðirnar verða sársaukafullar og kannski er nákvæmur og stefnufastur stjórnmalamaður eins og Merkel sá rétti til að glíma við vandann.

Stjórnandi þriðja heimsins

Economist | Jacques Diouf frá Senegal er að hefja sitt þriðja sex ára-kjörtímabil sem yfirmaður Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO). Diouf þykir gríðarlega valdamikill í þriðja heiminum en hann stýrir stofnun sem veltir yfir 20 milljörðum á ári og hefur á þriðja þúsund starfsmanna í vinnu. En hann er umdeildur og hefur verið sakaður um einræðislega stjórnun stofnunarinnar. Hún varð að taka fimm milljarða króna lán þar sem Japan neitaði að borga árgjaldið til að mótmæla vinnubrögðum og árangri stofnunarinnar. Bresk konnun hefur svo sýnt að FAO er næst óskilvirkasta stofnun Sameinuðu þjóðanna.

Diouf, sem hefur einnig verið gagnrýndur af nánnum samstarfsmönnum innan FAO sem eru frá Vestur-Afríku, ætlar þó að bæta ráð sitt og koma á sýnilegri stjórnarháttum innan stofnunarinnar og fallast á að óháðir aðilar rannsaki málefni hennar.

GÓÐAR GJAFIR STYRKJA GOTT SAMBAND

GLEDJUM STARFSMENNA OG VIÐSKIPTAVINA MEÐ VÖNDUÐUM GJÖFUM UM JÓLIN



Stormtech, göngubakpoki.



Stormtech, microfleece peysa.



Isosteel, hitabrusi.



Rosendahl, vatnskaraffa, tvö glös.

Við höfum áralanga reynslu af sölu á jólagjöfum til fyrirtækja og stofnana. Hafðu samband og athugaðu hvað við getum gert fyrir þig. Erum með fjölbreytt úrval gjafa frá þekktum framleiðendum.

BROS
AUGLÝSINGAVÖRUR
- með þínu merki

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR
SÍÐUMÚLA 33 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 4141

ÚTGÁFUÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Eggert Þór Aðalsteinsson, Hjalmar Blöndal, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÓNING: ritstjorn@markadurinn.is og augl-
lysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. Dreift
ókeypt með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að
birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

Framleiðsluspenna fer áfram vaxandi

Greining Íslandsbaka sendi frá sér nýtt rit um verðbólguhorfur. „Stigvaxandi þensla í hagkerfinu undanfarið misseri myndar nú þrýsting á verðlag og mun reynast einn helsti drifkraftur verðbólgu á næsta ári. Mörg teikn eru nú um að spenna fari vaxandi í íslensku efnahagslífi. Einn mælikvarði á stöðu efnahagslífsins er framleiðslubilið, sem mælir frávik í framleiðslu hagkerfisins frá því framleiðslumagni sem endurspeglar þjóðhagslegt jafnvægi.“

„Framleiðslubilið hefur tvíþætt gildi sem kvarði á umsvif efnahagslífsins. Annars vegar gefur

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

framleiðslulaki til kynna þá möguleika til vaxtar sem fyrir hendi eru til skamms tíma, án þess að þjóðhagslegu jafnvægi væri raskað. Hins vegar gefur spenna eða slaki í framleiðslu mikilvægar vísbendingar um væntanlega þróun launa og verðlags. Spenna í framleiðslu er þannig gjarnan ávísun á hraðari hækkunir í þessum stærðum í náinni framtíð, en slaki bendir til þess að launakröfur verði minni og verðlag stöðugra.“

„Mat okkar bendir til þess að framleiðsluspenna hafi farið vax-

andi síðustu misseri eftir þann slaka sem fyrir hendi var 2002-2003. Ekki eru horfur á að dragi úr spennunni fyrir en 2007, en þá eykst framleiðslugeta í stóriðju töluvert ásamt því að eftirspurn minnkar samkvæmt þjóðhagsspá okkar.

Sterkt samband er gjarnan talið ríkja milli framleiðsluspennu og verðbólguþróunar, og gefur mat á því sambandi fyrir Ísland til kynna að 1% framleiðsluspenna yfir 12 mánaða tímabil, mæld í hlutfalli við jafnvægisframleiðslugetu, auki verðbólgu um 0,8 prósentustig frá því sem ella væri. Ef

þetta samband er nýtt með spá okkar um þróun hagvaxtar, ásamt forsendum um gengisþróun, í einfalt líkan til að spá fyrir um verðbólguþróun næstu ár fæst spá sem er keimlík hinni eiginlegu verðbólguþróun okkar. Í síðarnefndu

spánni er hins vegar fyrst og fremst stuðst við mat á launaþróun sem kvarða á innlendan verðbólguþrýsting þegar til lengri tíma er litið. Verðbólga á næsta ári verður þannig að miklu leyti af völdum þenslu í hagkerfinu, en árið 2007 knýja gengisbreytingar verðbólgu,“ segir Greining Íslandsbanka.

Mat okkar bendir til þess að framleiðsluspenna hafi farið vaxandi síðustu misseri eftir þann slaka sem fyrir hendi var 2002-2003. Ekki eru horfur á að dragi úr spennunni fyrir en 2007, en þá eykst framleiðslugeta í stóriðju töluvert ásamt því að eftirspurn minnkar samkvæmt þjóðhagsspá okkar.

SPÁKAUPMAÐURINN

Flottur í bankanum

Vikan var dáldið skrytinn fannst mér að minnsta kosti. Ég hélt að bankaheimurinn væri að farast þegar ég opnaði Moggann á fimmtudaginn. Fullyrt var að verðbréf bankanna hefðu lækkað. Ég hélt reyndar ró minni enda hafði ég séð hvernig hlutabréfin stóðu þegar markaðir lokuðu daginn áður. Svo áttaði ég mig á því að þetta var allt út af nokkurra punkta hækkun á skuldabréfum þeirra á eftirmarkaði. Ég þekki engan Íslending sem sú breyting hafði áhrif á.

Annars sýndist mér fréttin vera að greiningardeild Royal Bank of Scotland hefði hlaupið á sig. Ftich var nýbúið að gefa Íslandsbanka og KB banka fína einkunn og einhver eftirskjálfti þegar einhverjir sjóðir taka til hjá sér er ekkert til að hafa stórar áhyggjur af.

Það kom líka á daginn að maðurinn sem tók sparifé út af bundinni bók í KB banka um árið hafði engar áhyggjur. Davíð kom fram í nýju hlutverki og það menn að róa sig. Flott hjá honum. Ég held að hann verði flottur í bankanum ef hann heldur svona áfram.

Ég heyri líka að hann sé allur annar maður. Hann er farinn að tala við Fréttablaðið og svo fréttist af honum í „lunch“ með KB strákunum að ræða stöðuna. Mér skilst að það hafi farið vel á með þeim.

Ég bið líka spenntur eftir því hvernig hann kynnir vaxtaákvörðun Seðlabankans og Peningamála á föstudaginn. Ákvörðunin hlýtur að markast af því hvað Seðlabanki Evrópu gerir. Ef evrópski Seðlabankinn hækkar vexti, þá hefur það náttúrulega áhrif á íslensk fyrirtæki sem skulda mikið í útlöndum. Það minnkar þörf fyrir hækkun hér.

Hvað sem gerist býst ég frekar við að krónan styrkist í kjölfarið. Það eru margir að bíða með útgáfu skuldabréfa í krónum þangað til vaxtalínurnar skýrast. Halldór er búinn að segja að það þurfi ekki að hækka vexti. Það þýðir að til að taka af tvímæli um sjálfstæðið má Seðlabankinn ekki láta hann hafa rétt fyrir sér svo hækkunin verður örugglega einhver. Sennilega er bara sniðugt að skella sér í eitt erlent lán fyrri föstudaginn og taka einhverja góða stöðu. Það eru alltaf tækifæri á markaði ef maður kann til verka.

Spákaupmaðurinn á horninu



ÞAGSVERK AUGLÉINGASÍÐA - 0010007

Það getur verið erfitt að velja

... en gerðu kröfur um gæði

„Við hjá Leonard gerum kröfur um gæði. Verslunarlausnin LS Retail frá Landsteinum Streng uppfyllir kröfur starfsemi okkar í Kringlunni og Leifsstöð.“ Sævar Jónsson, verslunareigandi.

LS Retail frá Landsteinum Streng er verslunarlausn fyrir margþættan rekstur sem heldur utan um alla aðfangakeðjuna á einum grunni og býr til samfellt flæði allt frá afgreiðslukassa til skrifstofu. Þú færð skýrslur og heildaryfirsýn í umhverfi sem þú þekkir frá Microsoft og getur nýtt þér Outlook, Word, Excel og aðrar vörur frá Microsoft.

LS Retail er verslunarlausn fyrir fólk sem gerir kröfur um gæði!

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 8.200 verslunum með yfir 20.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths supermarkets, Moss Pharmacy og Concept Sports International (EURO 2004, Olympic Games 2004).



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



Talstöðin
FM 90,9

AURASÁLIN

Hekla er farin að gjósa

Auðvitað þarf enga djúpvitringa til að sjá að vöxtur íslensku banka er óeðlilegur og hættulegur íslensku hagkerfi. Hinn skyndilegi gróði fjármálastofnana byggist ekki á sköpun verðmæta eða neinu sem kallast getur eðlilegur rekstur. Dettur mönnum virkilega í hug að það skili meiri raunverulegum ágóða að flytja peninga á milli bankareikninga heldur en að veiða fisk úr sjónum?

Þetta er hins vegar blekkingin sem búið er að halda að almenningi hér á landi undanfarin ár. Gleraugnaglámur sem sitja fyrir fram an tölvur og leika sér í Word og Excel í bönkum landsins hafa talið sjálfum sér og öðrum trú um að framtíð landsins felist í þeirri tilgangslausu iðju að endurskipuleggja fjárhag fyrirtækja, gefa út skuldabréf, auka hlutafé og kaupa útlensk fyrirtæki í taprekstri.

Það var því kominn tími til að Morgunblaðið gæfi út dánarvottorð á íslensku bankana. Þetta gerði blaðið með glans í síðustu viku. Engum dettur í hug að Morgunblaðið myndi birta fréttir af Heklugosi byggðar á misskilningi – og því er engin ástæða til að trúa því að fréttirnar í síðustu viku af Heklugosi í KB banka sé eitthvað annað en sannleikur. Halda menn að Morgunblaðið þekki ekki eldgos þegar það sér það? Hefur Morgunblaðið einhvern tímann áður birt fréttir um eldgos og komist svo að því daginn eftir að eldgosíð var ímyndun ein hjá útlenskum gleraugnaglámum í banka?

Nei. Auðvitað dettur engum manni það í hug að sjálft Morgunblaðið þekki ekki muninn á eldgosí og útblæstri úr jeppa á hálendinu – eins og forsvarsmenn íslenskra gróðafyrirtækja og málpípúr þeirra reyna nú að halda fram.

Landsmenn ættu að hafa það í huga að hrun íslensku hlutabréfamarkaðarinn er yfirvofandi og þá verður lítil huggun í öllum þeim excel-skjölum og powerpoint-kynningum sem jakkafataliðið í bönkunum hefur búið til á síðustu árum. Það mun enginn sætta sig við að fá excel-skjöl í kvöldmatinn og powerpoint-kynningar verða aldrei undirstaða skjólgóðra heimilisveggja. Og aldrei munu skuldabréf koma í stað hlýrra vetrarklæða og enginn getur skóað sig með hlutabréfum – nema hugsanlega hlutabréfum í Össuri.

Morgunblaðið sýndi hugrekki í síðustu viku með því að benda á að spilaborg bankanna er að hruni komin. Nú þarf blaðið að taka næsta skref og benda fólki á þær augljósu staðreyndir sem Aurasálin hefur reifað í dag.

Þó er engin ástæða til svartsýni. Íslendingar hafa áfram fiskveiðarnar til þess að fiskfæða sig og blessuð álverin sem bæði eru tilkomumikil í sjón og skapa áþreifanleg verðmæti sem hægt er að nýta, meðal annars til þess að smíða flugvélar og bíla sem hlýtur að vera hægt að gera hér innanlands.

Sagnfræðingur í sölumennsku

Pétur Pétursson stýrir fjármálaþjónustu og váttryggingum Tryggingamiðstöðvarinnar. Leið hans lá úr fréttamennsku í almannatengsl og þaðan úr símarekstri í tryggingar. Hann sagði Hafliða Helgasyni að hugsunarháttur sölumennskunnar væri lykkillinn að þessu öllu.

Pétur Pétursson tók í sumar við starfi framkvæmdastjóra váttrygginga- og fjármálaþjónustu Tryggingamiðstöðvarinnar. Pétur er sagnfræðingur að mennt og vann sem fréttamaður í níu ár.

„Þegar ég kláraði námið var atvinnuástandið frekar dapurt og ég fór vestur á firði að kenna. Ég sendi síðan þrjár umsóknir um starf sem blaðamaður í ágúst, á Moggann, Ríkisútvarpið og DV. Ég fékk jákvætt svar frá RÚV og DV. Starfið á RÚV var fréttamennska á næturvöktum, en á DV á daginn. Ég ákvað að taka báðar stöðurnar.“ Pétur var í sumarafleysingum og um haustið fór hann á sjóinn. „Ég sá að það átti ekki við mig. Ég var sjóveikur í þrjá til fjóra mánuði.“

Eftir millilendingu í verkefni fyrir Þjóðminjasafnið lá leiðin í fréttamennskuna á ný. „Fréttamennskan er þannig starf að maður lærir hröð og öguð vinnubrögð. Maður lærir fljótt að greina kjarnann frá hisminu.“

ÓDÝRARA AÐ RÁÐA

Eftir níu ár í fréttamennsku fannst Pétri hann vera farinn að endurtaka sig og leitaði á ný mið. Hann réði sig til starfa á auglýsingastofu þar sem hann gerðist ráðgjafi í almannatengslum og markaðsmálum. „Einn helsti kúnni minn var Íslandssími og var það þurftafræktur að þar á bæ sáu menn að það væri ódýrara að ráða mig til sín, en að hafa mig í útseldri vinnu.“

Íslandssími fór á markað og Pétur sinni þá tengslum við hluthafa og kauphöll, samhliða markaðsmálum og samskiptum við fjölmiðla. Íslandssími, sem síðar sameinaðist Tali og úr varð Og Vodafone, fór á markað skömmu áður en markaðurinn missti áhuga á fjarskipta- og tæknifyrirtækjum. Pétur segir þennan tíma hafa verið mjög lærdómsríkan. Einnig var mjög fróðlegt að vinna að samrunamálum en hjá Íslandssíma og síðar Og Vodafone voru samrunar og yfirtökur afar tíðar. Pétur vann með tveimur forstjórum og fylgdi öðrum þeirra, Óskari Magnússyni yfir til TM.

Pétur segir að hjá Íslandssíma hafi hann allan tímann verið í sölu- og markaðsmálum. „Ég lít svo á að hjá þjónustufyrirtækjum eins og TM og Og Vodafone séu allir í sölumennsku hvað sem þeir eru að fást við að öðru leyti. Þeir sem ekki hafa þá sýn á það sem þeir eru að fást við eru hreinlega á röngum stað. Þannig að það var í sjálfu sér ekki stórt stökk fyrir mig að fara í framkvæmdastjórn fjármála- og váttryggingaþjónustu hjá tryggingafélagi.“

Pétur segir að þegar hann horfi til baka, þá finnst honum ferillinn vera rökréttur. „Menn geta lært til ákveðinna hluta, en annað hvort hefur maður hlutina í sér eða ekki. Sagnfræðin og sú leið sem ég hef farið inn í þetta hefur veitt mér víðsýni sem kannski þeir sem hafa numið markaðs- og viðskiptafræði hafa ekki. Þess utan er ég með í kringum mig trausta samstarfsmenn sem hafa mikla þekkingu á ýmsum sviðum tryggingamála og viðskipta. Þannig að ég þarf ekki að þekkja váttryggingamál í hörgul heldur læri það með tímanum.“

Ég man enn viðhorf mín til tryggingageirans áður en ég kom inn í hann sjálfur. Utanfrá séð fannst mér samkeppnin ekki mikil miðað við það sem ég þekkti úr símageiranum. Það kom mér því á óvart hversu mikil samkeppnin er og hversu mikilvægt er að halda vöku sinni og þróa nýjar vörur og efla þjónustuna.



FRÉTTAMENNSKA NÓTT OG DAG Pétur Pétursson byrjaði í fréttamennsku sem næturmaður á Rúv, en skrifaði fréttir daginn í DV. Fréttamennsferillinn stóð í níu ár og leiddi hann að lokum inn í viðskiptalíf.

SAMKEPPNIN KOM Á ÓVART

Símageirinn var fullur af nýjungum og fyrirtækin kepptu um hylli neytenda. Pétur segist ekki neita því að tryggingabransinn sé hægari. „Ég man enn viðhorf mín til tryggingageirans áður en ég kom inn í hann sjálfur. Utanfrá séð fannst mér samkeppnin ekki mikil miðað við það sem ég þekkti úr símageiranum. Það kom mér því á óvart hversu mikil samkeppnin er og hversu

félaginu. Með komu nýs forstjóra höfum við verið að breyta skipulaginu með aðstoð ráðgjafa og í samstarfi við starfsfólkið. Ég held að okkur hafi tekist að halda í það besta í starfsemi, en um leið innleitt nýja og góða hluti.“

ÁHÖLD UM HVORT ER FYRIRVINNAN

Pétur segir að með auknum skuldbindingum fólks verði tryggingar mikilvægari þáttur. „Fólk þarf að miða tryggingar sínar við það sem það þarf að standa skil á ef vá ber að dyr- um.“ Fyrirtækið hefur nýhafið auglýsinga- herferð og Pétur segir að hún sé afrakstur af stefnumótunavinnu og könnunum. „Stærsta vandamálið er yfirleitt að tryggingataki veit ekki fyrir hverju hann er tryggður. Við viljum breyta þessu með kynningarefni okkar, þannig að viðskiptavinurinn viti að hverju hann gengur. Tjón eru okkar fag og það er farsælast að reyna að stýra væntingum viðskiptavinarins. Við höfum verið mjög heppin hvað þetta varðar og ánægja okkar viðskiptavina er mikil með þá þjónustu sem þeir fá.“

Pétur og kona hans eru bæði í krefjandi starfi. „Það eru áhöld um hvort sé fyrirvinnan á heimilinu og tekist á um hvaða kvöld hvort um sig fái til að vinna.“ Hann segir að fjölskyldan hafi sameiginlegan áhuga á að ferðast saman. „Svo á ég mín áhugamál sem er stangveidi með gömlum og núverandi vinnufélögum og svo fótbolli. Ég spila við vinnufélaga gamla og nýja.“ Ég spyr hvort að hann sé mikill keppnismaður. Hann jánkur því. „Ef ég tek þátt í einhverju þá er það til að ná árangri og settum markmiðum.“

Pétur Pétursson

Starf: Framkvæmdastjóri hjá Tryggingamiðstöðinni
Fæðingardagur: 3. desember 1967
Maki: Hildur Ómarsdóttir
Börn: Arnar Már f. 1993, Ari Karl f. 2001

HÁDEGISVERÐURINN

Með Pétri Pétussyni

framkvæmdastjóra
fjármálaþjónustu og váttrygginga
Tryggingamiðstöðvarinnar

Hádegishlaðborð
með jólaívafi

Drykkir

Vatn
Verð krónur 7.230

Humarhúsið
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



FRÁ IDOL-PARTÍI HILDAR VÖLU Áhorfendur fylkja sér um keppendur á lokasprenntinum. Myndin var tekin í Idol-partíi Hildar Völu sem bar sigur úr þytum í keppninni í fyrra.

Idol-stjörnuleit veltir 400 milljónum

365 hefur keypt vörumerkið Idol fyrir Ísland

Hjálmar Blöndal
skrifar

„Verkefnið er að skila okkur mjög góðum tekjum,“ segir Pálmi Guðmundsson, markaðs-
stjóri fjölmiðlafyrirtækisins 365, spurður um tekjur af Idol-keppninni sem nú stendur hvað hæst. Áætlað er að heildarvelta 365 af verkefninu sé rúmlega 400 milljónir króna samkvæmt heimildum Markaðarins.

Pálmi segir að tekjuskiptingin sé þannig að mestu tekjurnar komi af áskriftum og auglýsingum en auk þess skili keppnin 365 tekjum í formi kostana, útgáfusamninga og fleira. „Við höfum opnað Idol-verslun í Hagkaup í Smáralind þar sem við seljum ýmsan varning sem tengist keppninni og sífellt meira er um að fyrirtæki séu að tengjast vörumerkinu, til dæmis eru seld leikföng og nú er til að mynda í sölu Idol-is og fleira í þá veru,“ segir Pálmi.

Hann segir að 365 hafi nýverið fest kaup á vörumerkinu Idol fyrir Ísland og geti því sent keppnina út eins lengi og forsvarsmenn 365 hafi áhuga á. „Miðað við þennan árangur sem við höfum náð af keppninni geri ég ekki ráð fyrir öðru en við munum líta til annarra verkefna af þessu tagi. Við byrjuðum með Viltu vinna milljón og svo höfum við sýnt það var lagið sem eru dæmi um sérleyfi sem við höfum keypt. Þannig að við höldum áfram enda eru viðtökur mjög góðar ef marka má auglýsingar sem eru oftast uppseldar í Idol-stjörnuleit margar vikur fram í tímann,“ segir Pálmi. Hann vildi ekki gefa upp kaupverðið á Idol-vörumerkinu en sagði það sanngjarnt miðað við þær tekjur sem hlytust af því. Idol-stjörnuleit mældist einn vinsælasti þátturinn í nýrri fjölmiðlakönnun IMG Gallup en Pálmi segir að áhorfið muni aukast eftir því sem líða taki á keppnina, reynslan sanni það.



IDOL-STJARNAN HUNG William Hung tróð á dögnum upp í Smáralind en hann varð helst frægur fyrir að ná litlum sem engum tókum á því sem keppt er að í keppninni.

Jólagjafir fyrirtækisins

Stílhreinar jólagjafir sem allar er hægt að merkja með þínu „logo“.



Klukka m/bil sem hreyfist
Verð: 1.195 kr.



Golfæfingasett m/Púttur
Verð: 3.862 kr.



Fjölhæfur skiptilykill
Verð: 1.295 kr.



Borðklukka m/snúningskúlu
Verð: 1.550 kr.

Verðin miðast við magn 1-100 stk. Merking innifalin.

Mun meira úrval í boði. Vinsamlega hafið samband við sölumenn.

LogoPrent Höfðabakki 3 | 110 Reykjavík | Sími 557-8200 | www.logoprent.is

Dekk • Bón og alþrif • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskripti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum




Hvað get ég gert fyrir þig?

-20% afsláttur

af heilsárs- og nagladekkjum

Bón og alþrif	á tilboði
Smurþjónusta	á tilboð
Rafgeymar	á tilboði
Sækjum og sendum	10% afsl.
Bremsuklossaskipti	gerum tilboð
Dekkjahótel	2000 kr. 4 stk.

Vaxtalausar léttgreiðslur!



Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Sérfræðingar í lagi



Við byggjum á fólki og færni!

Hjá ANZA starfar hópur sérfræðinga á sviði tölvumála: Fræðsluráðgjafar, forritarar, ráðgjafar og upplýsingafræðingar svo dæmi séu tekin. Allir hafa þeir breiðan bakgrunn og viðtæka reynslu.

ANZA býður upp á enn fleiri þjónustubætti. Kynntu þér Lausnir, Rekstur, Öryggi og Sérþekkingu á heimasíðu okkar www.anza.is eða í síma 522 5000.

ANZA sérhæfir sig í rekstri og uppbyggingu tölvukerfa. Hvort sem það er á sviði öryggismála, samspils forrita, útvistunar eða tölvustýringar getur þú reitt þig á hugvit, hæfileika og færni starfsfólks ANZA.

ANZA

• Öruggur rekstur tölvukerfa

ANZA / 06-9771

Norski olíusjóðurinn bólgnað áfram

Nýtur góðs af hækkun japanskra hlutabréfa og olíuverðs

Norski olíusjóðurinn stækkaði um rúmar 900 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi vegna mikillar hækkunar á olíuverði og hlutabréfaverði á flestóllum mörkuðum. Stendur sjóðurinn nú í tólf þúsund milljörðum króna. Jafngildir það því að hver Norðmaður eigi 2,6 milljónir króna.

Tekjur af olíuframleiðslu renna í sjóðinn sem fjárfestir svo í erlendum hlutabréfum og skuldabréfum. Frá áramótum hefur olíusjóðurinn vaxið um fjórðung en ávöxtun af eignasafninu hefur verið um 8,2 prósent. Bandarísk hlutabréf gáfu 3,8 prósent ávöxtun á þriðja ársfjórðungi, hlutabréf í bresku


FTSE-vísitölunni hækkuðu um 8,2 prósent og japönsk hlutabréf skilðu langmestu eða um 21 prósent.

„Norðmenn munu ætla sér að nota sjóðinn til að fjármagna lífeyrisgreiðslur framtíðarinnar en þar í landi er gegnumstreymiskerfi og lítil sjóðasöfnun í lífeyriskerfinu fyrir utan olíusjóðinn. Það má því segja að Norðmenn séu með lífeyrissjóðskerfi sem er mjög ólíkt því sem gerist hér á landi,“ segir Greining Íslandsbanka.

Til samanburðar námu hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna 1.123 milljörðum króna í lok september þannig að eign hvers

Íslendinga í lífeyrissjóðum er um 3,8 milljónir króna. - eþa

FRÁ TOKYÓ Norski olíusjóðurinn fjárfestir grimmt í Japan og hefur notið góðs af miklum hækkunum þar í landi.



Somerfield loks afskráð

Yfir 95 prósent hluthafa Somerfield hafa tekið yfirtökutilboði frá fasteignmögulnum Robert Tchenguiz, Apex Partners og Barclays fjárfestingarbankanum. Lýkur þar með baráttunni um fyrirtækið sem hófst í febrúar á þessu ári þegar Baugur

Group gerði tilboð í fyrirtækið. Yfirtökutilboð var gert á 197 pensum á hlut. Gert er ráð fyrir því að Somerfield, sem er fimmta stærsta verslanakeðja Bretlands, verði afskráð fjórum dögum fyrir jól úr Kauphöllinni í Lundúnum. - hb

Niður með Námsgagnastofnun

Viðskiptaráð Íslands hvatti til þess í skoðun sinni sem gefin var út í síðustu viku að starfsemi Námsgagnastofnunar verði endurskoðuð. Telur ráðið að vel komi til greina að leggja stofnunina alfarið niður. Að öðrum kosti verði hlutverki hennar breytt í þá veru að hún annist frekar úttekt og ráðgjöf vegna námsgagnavals skólanna. Ráðið telur óeðlilegt að hið opinbera hafi afskipti af útgáfu námsbóka þar sem öflug bókaforlög hafa haslað sér völl í námsgagnagerð. Engin rök bendi til þess að námsgagnagerð á grunnskólastigi lúti öðrum lögmálum en þeim sem framhaldsskólastigi lýtur, það er markaðslögmálinu.



ALDA SIGURÐARDÓTTIR, VIÐSKIPTASTJÓRI HJÁ SJÁ VIÐMÓTSPRÓFUNUM, STÝRÐI FUNDINUM AF RÖGGSEMI Fundurinn var vel sóttur og mættu til hans um 100 manns. Þar töluðu einnig Magnús Bergsson, markaðsstjóri CCP sem framleiðir tölvuleikinn Eve online, Halldór Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Icelandair og Soffía Sigurgeirsdóttir, markaðsstjóri Netbankans. Fjölluðu þau um hvernig þau nálgast markaðinn og hvaða aðferðum þau beita til þess en öll hafa náð góðum árangri á netinu.



FYLGST MED FRUMMÆLENDUM Á HÁDEGISVERÐARFUNDI ÍMARKS Á hádegisverðarfundinum Ímarks sem haldinn var fimmtudaginn 24. nóvember var fjallað um mynd, vefþróun, viðmót, útlit og markaðssetningu á vefnum. Þar kom fram að vefurinn er sífellt að verða mikilvægari sem andlit og mynd fyrirtækja. Það er ekki nóg að setja upp heimasíðu. Hún verður að virka, vera bæði aðlaðandi og notendavæn. Um þetta atriði voru allir sammála auk þess að það þarf að vera auðvelt að finna heimasíðuna og hún þarf að koma fram á leitarsíðum.


www.konicaminoltaeurope.com

Engar afsakanir

prentaðu í lit



bizhub c250
Parftu að geta prentað í lit? Finnst þér það dýrt?

Konica Minolta hefur sameinað prentun í svart-hvítu og lit í fullkominni ljósritunarvél sem er sérhönnuð fyrir skrifstofuna. Prentaðu litskrúðug skjöl á einfaldari og ódýrari hátt. Afköstin eru 25 bls/min.

bizhub C250 er líka fullkominn skanni sem sendir gögn í tölvupósti eða vistar þau á netþjóni fyrirtækisins.

Konica Minolta - Leiðandi í lit.


UMFANG-TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMULA 12 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is

Kaupa hús á Hvanneyri

Borgarland ehf., sem er í eigu Sparisjóðs Mýrarsýslu og Kaupfélags Borgfirðinga, hefur fest kaup á öllu hlutafé í Hvönnum ehf. sem á húseignina á Hvanneyrarbraut 3 á Hvanneyri. Frá þessu er greint í Bændablaðinu. Borgarland er fasteignafélag sem meðal annars á verslunarmiðstöðina Hyrnutorg auk lóða í Borgarnesi sem félagið ætlar að byggja á en það er nú með í undirbúningi byggingu á íbúðarblokk í miðbæ Borgarness. - hb

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Glitnir 20 ára

Glitnir hélt upp á 20 ára afmæli sitt nú í nóvember en fyrirtækið má muna tímana tvenna. Glitnir starfar á sviði fjármögnunar á Íslandi og var brautryðjandi á því sviði. Nú til dags á fólk jafnt sem fyrirtæki mun auðveldara með að fá lánað fjármagn hvort heldur sem er til starfsemi eða bílakaupa. Glitnir styður við bakið á fyrirtækjum og finnur heildarlausnir sem sniðnar eru að þörfum hvers og eins fyrirtækis. Fyrirtækið opnaði nýjan vef í sumar og hefur umferð um hann frá þeim tíma aukist um 50 prósent og hann er einnig tilnefndur til íslensku vefverðlaunanna í þremur verðlaunaflokkum.



HANNAR OG SELUR TÍSKUVÖRUR FYRIR HUNDA Theódóra E. Smáradóttir er í forsvari fyrir Theo-dog fashion sem hlaut fyrstu verðlaun í keppinni Nýsköpun 2005.

Hundatíska verðlaunuð

Fyrirtækið Theo-dog fashion, sem framleiðir tískuvörur fyrir hunda, hlaut fyrstu verðlaun í keppinni Nýsköpun 2005. Keppnin hefur staðið yfir undanfarna mánuði og snerist um gerð viðskiptaáætlana. Fyrirtækið hannar og selur hágæða hundafatnað. Nú þegar er markaðsetning og sala hafin á Norðurlöndunum, Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Ítalíu, Spáni og Hollandi. Enn fremur hyggst fyrirtækið markaðsetja og selja vörurnar í

enn fleiri löndum á alþjóðamarkaði.

Alls bærust þrjátíu viðskiptaáætlanir í keppni sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Íslandsbanki og Morgunblaðið með stuðningi Háskólans í Reykjavík, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Iðntæknistofnunar stóðu að. Við athöfn sem fór fram miðvikudaginn 23. nóvember voru veitt verðlaun fyrir bestu verkefni og var það Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sem afhenti verðlaunin.

Sveinn Hannesson Evrópumaður ársins

Á aðalfundi Evrópusamtakanna þann 24. nóvember var Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, útnefndur Evrópumaður ársins 2005. Þetta er í þriðja skipti sem Evrópusamtökin veita þessa viðurkenningu. Í máli Andrésar Péturssonar, formanns Evrópusamtak-

anna, kom fram að Sveinn fengi viðurkenninguna vegna elju sinnar og SI við að kynna Evrópumálin fyrir Íslendingum. Áður hafa þeir Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, og Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, hlotið þessa viðurkenningu.



EVROPUMAÐUR ÁRSINS Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri iðnaðarins, er Evrópumaður ársins að mati Evrópusamtakanna.

Verkefnalausnir og HR í samstarf

Verkefnalausnir, fyrirtæki sem sérhæfir sig í verkefnastjórnun, og Háskólinn í Reykjavík hafa gert með sér samning um samstarf. Verkefnalausnir annast meðal annars sölu á hugbúnaðinum MindManager og JCVGantt hér á landi. Samstarfið við HR felur meðal annars í sér að HR mun bjóða upp námskeið í notkun þessa hugbúnaðar innan HR og fyrir atvinnulífið.

MindManager er forrit sem nýtist fyrirtækjum, einstaklingum, menntastofnunum og nemendum og opinberum fyrirtækjum við hvers kyns skipulagningu, skýrslugerð, kynningar, verkefnastjórnun, þekkingarstjórnun, hugarflug og fundarstjórnun. JCVGantt Pro 2 er einfalt og hagnýtt tæki til að áætla tíma og kostnað verkefna á örskömmum tíma og vinnur



VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGSINS Elín P. Þorsteinsdóttir, stofnandi Verkefnalausna og framkvæmdastjóri, og Þór Clausen, forstöðumaður Endurmenntunar Háskólans í Reykjavík.

Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smíðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

Viðhaldsfrítt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús

Breytingar prentaðar
á venjulegan prentara!



BJÓÐUM EINNIG:
• Sandblástursfilmu
• Bilamerkingar
• Varúðar- og bannmiða

MERKISMENN Skilja gerð

Ármúla 36 • Sími: 544 2030

www.merkismenn.is

Körfur-körfur-körfur!

Fyrir blóm, snyrtivörur,
ost, brauð og fleira.
Fjölbreytt úrval.



Eingöngu sala til fyrirtækja.
Opíð frá kl. 08.00-18.00.

**GRÆNN
MARKAÐUR**

Réttarhálsi 2 - 110 Rvk - Sími: 535-8500 - Netfang: info@fora.is

Ætlar skatturinn sér spón úr þínum aski?

"Námið er mjög markvisst og ýtir skemmtilega við gömlu hellasellunum."

Sigurður Jónsson, 59 ára afgreiðslumaður.

"Námskeiðið er gott. Ég veit núna hvernig ég á að fara að til að auka lestrarhraðann enn meir og hvernig á að vinna."

Ester Ólafsdóttir, Tónlistarkennari

Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að
marka þínu fyrirtæki
varanlega sérstöðu í vaxandi samkeppni?

"... Þátttaka á hraðlestrarnámskeiði gjörbreytti möguleikum mínum til
að takast á við ný verkefni".

Sigurður Sveinsson, viðskiptafræðingur

Upplýsingar í síma
586-9400 og á www.h.is

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið
Hraðlestrarskólans eru sérniðin
að þörfum atvinnulífsins.



HRAÐLESTRARSKÓLINN

Lánshæfismat bankanna stöðugt verið að styrkjast

Hvenær fór lánshæfismat fyrst að skipta máli fyrir íslenska bankakerfið?

Þegar ég var í Íslandsbanka bar ég ábyrgð á því að við sóttum um og fengum mat hjá Moody's fyrstir íslenskra banka í desember 1997. Það var gert til að opna fyrir nýja lán-tökumöguleika erlendis og bæta þau lánskjör sem bankinn fengi. Á þeim tíma höfðu Landsbankinn og Búnaðarbankinn sem ríkisbankar meiri stuðning af lánshæfismati ríkissjóðs en ákváðu samt að fá sjálfstætt lánshæfismat nokkru síðar.

Hvernig hafa íslensku bankarnir verið metnir?

Í síðustu viku fékk Kaupþing banki mat frá Fitch og þar með hafa stóru viðskiptabankarnir þrír allir fengið mat frá tveimur af þremur ráðandi matsfyrirtækjum, þ.e. Moody's og Fitch. Ríkissjóður hefur auk þess mat frá Standard & Poor en segja má að einkunn ríkissjóðs setji þak á lánshæfiseinkunnir innlendra fyrirtækja. Það eykur traust að fá mat frá fleiri en einu matsfyrirtæki og það er allt að því skilyrði að hafa mat frá a.m.k. tveimur af þessum þremur matsfyrirtækjum til að geta selt stofnanafjórðingum skuldavíðurkenningar á Bandaríkjamarkaði. Bankarnir þrír eru nánast með sömu lánshæfiseinkunnir en Landsbankinn er þó skör lægra metinn í langtímaeinkunn hjá Moody's og fyrir fjárhagslegan styrk hjá Fitch. Yfirlitsgrein um lánshæfismat ríkissins og bankanna er að finna í síðustu skýrslu Seðlabankans um Fjármálastöðugleika (bls. 37-38, www.seðlabanki.is) en matið á bönkunum hefur þó styrkst síðan skýrslan var birt.

Hvað gerist ef bankarnir fá lélegt mat?

Gott mat bætir þau lánskjör

Skörp markalína er milli þess sem kallað er „investment grade“ og þess sem er fyrir neðan því verðbréf sem fá einkunnina Ba og lægri hjá Moody's kaupa einungis áhættufjárfestar. Á síðustu fimm árum hefur lánshæfismat íslensku bankanna stöðugt verið að styrkjast og er nú langt fyrir ofan þau mörk.

sem bankarnir fá og auðveldar þeim aðgengi að fjármagni. Með sama hætti versna kjörin og seljanleiki takmarkast ef matið lækkar. Skörp markalína er milli þess sem kallað er „investment grade“ og þess sem er fyrir neðan því verðbréf sem fá einkunnina Ba og lægri hjá Moody's kaupa einungis áhættufjárfestar. Á síðustu fimm árum hefur lánshæfismat íslensku bankanna stöðugt verið að styrkjast og er nú langt fyrir ofan þau mörk.

Með hvaða hætti fer matið fram? Sérfræðingateymi frá lánshæfisyfirtækinu sér um matið, fær upplýsingar frá viðkomandi banka og fer í heimsóknir til hans. Á löngum og ströngum fundum með stjórnendum bankans er farið yfir stefnu hans og alla þætti rekstrarins. Einnig er litið á það umhverfi sem viðkomandi banki starfar í, svo sem efnahagsmál, fjármálaeftirlit og lík-

ur á utanaðkomandi stuðningi ef á þyrfti að halda. Áður en matið er birt hefur teymið samráð við þá sérfræðinga sem sjá um lánshæfismat viðkomandi lands og bankinn hefur svo tækifæri til að gera athugasemdir við drög að niðurstöðu áður en hún er endanlega frágengin og birt.

Er grundvöllur fyrir því að mat af þessu tagi verði tekið upp af íslenskum aðilum?

Íslenskir sérfræðingar veita margháttada ráðgjöf til innlendra og erlendra aðila. Þeir sem hafa þekkingu, reynslu og traust geta selt ráðgjöf sína á mörkuðum sem þeir hafa unnið sér stöðu á, sbr. fyrirtækið Lánstraust. Á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði eru hins vegar fyrrnefnd þrjú matsfyrirtæki allsráðandi. Standard & Poor og Moody's hafa sterkustu stöðuna en Fitch vinnur á sérstaklega í mati á fjármálfyrirtækjum.



HÖFUÐSTÖÐVAR KB BANKA Bankinn byggir á góðum grunni samkvæmt greiningum sem gerðar hafa verið á bankanum frá alþjóðlegum matsfyrirtækjum.

Að meta greiðslugetu til framtíðar

Orðið lánshæfismat skýtur reglulega upp kollinum í umræðunni um fjárhagslega stöðu fjármálfyrirtækja. Íslensku bankarnir birta reglulega hvaða einkunnir þeir hafa fengið hjá þeim fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkum mötum. Hjálmar Blöndal skoðaði hvað býr að baki lánshæfismati.

Lánshæfismat íslensku bankanna komst í umræðuna í liðinni viku þegar Bank of Scotland birti hina umdeildu greiningu á KB banka sem skoski bankinn sá sig svo síðar tilneyddan að leiðrétta. Ljóst var að skiptar skoðanir voru um ágæti þeirrar skýrslu sem sérfræðingur Bank of Scotland gaf út. Íslensku bankarnir fjármagna sig að stórum hluta á erlendum skuldabréfamarkaði og kjör bankanna ráðast að miklu leyti út frá því mati sem þeim er gefið af þessum fyrirtækjum. Metinn er fjárhagslegur styrkur þeirra og greiðslugeta til framtíðar. Enda þótt skoski bankinn hafi ekki gefið út neina lánshæfiseinkunn fyrir KB banka þá var það svo að bankinn hafði af því áhyggjur að honum og öðrum íslenskum bönkum gætu verið boðin lakari kjör á millibankamarkaði þar sem greiningin á bankanum var íslensku fjármálaumhverfi varlagstæð.

Þrjú stór fyrirtæki hafa verið allsráðandi í útgáfu á lánshæfismati fyrir íslensk fjármálfyrirtæki. Fyrst Moody's, þá Fitch og svo Standard & Poor. Upphafið að starfsemi Moody's má rekja allt aftur til ársins 1909 þegar John Moody hóf að gefa út mat á skuldabréfum járnbrautafélaga vestanhafs. Síðan vatt starfsemi hans upp á sig og hann hóf að gefa út álit á skuldabréfum iðnfyrirtækja. Í dag er fyrirtækið leiðandi í hvers kyns mati á fjármálfyrirtækjum auk þess að hafa víðtækari starfsemi.

Öll fyrirtækin þrjú eru vel kunnug í fjármálaheiminum og þúsundir banka og fjármálfyrirtækja reiða sig á góðar einkunnir frá þessum fyrirtækjum til að auðvelda aðgengi að lánsfjármagni á millibankamarkaði til áframhaldandi lánveitinga.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, skýrði frá því í erindi á dögnum að bankar sæktu fjármagn í sífellt auknum mæli á millibankamarkað þar sem innlán hefðu á undanförunum árum dregist saman og því væri enn nauðsynlegra fyrir banka að sækja sér lánsfjármagn á millibankamark-

aði. Þar koma matsfyrirtækin við sögu því kjör bankanna ráðast af því hversu öruggt það telst að lána þeim fjármagn. Það er ekki síður vegna aukinna umsvifa banka í milliríkjavíðskiptum og starfsemi á alþjóðlegum markaði sem hefur aukið mikilvægi matsfyrirtækjanna.

Þegar bankarnir eru metnir er hugað að ýmsum þáttum í starfi þeirra. Metin er útlánaáhættan út frá ýmsum lykiltölum í rekstri bankanna og þeim er svo gefin einkunn út frá því hversu áhættusamt matsfyrirtækið telur vera að lána viðkomandi banka. Flest fyrirtæki gefa út lánshæfismat á langtíma- og skammtímaskuldbindingar í innlendri og erlendri mynt. Einn af lykiltáttum í starfsemi matsfyrirtækjanna er sá að hann birtir allar niðurstöður sínar opinberlega. Það er grundvöllurinn fyrir því að þeir sem lána bönkunum pening, geta því auðveldlega nálgast upplýsingar um bankana á opinberum vettvangi.

Vel er fylgst með bönkunum sem hljóta einkunnir og bankarnir leggja sjálfir aukna áherslu á upplýsingagjöf.

Þannig mæla fyrirtækin enn fremur vanskil þeirra fyrirtækja sem hafa hlotið lánshæfiseinkunnir. Í samantekt sem Moody's gerði á vanskilum fjármálfyrirtækja á árunum 1970-2000 kom í ljós að ekkert þeirra fyrirtækja sem hafði hlotið hæstu lánshæfiseinkunn félagsins hafði lent í greiðsluerfiðleikum á fyrsta ári frá matinu. Þegar litið var til tuttugu ára kom í ljós að 1,77 prósent þeirra höfðu lent í greiðsluerfiðleikum. En af þeim félögum, sem hlotið höfðu slökustu einkunnina, höfðu 6,16 prósent lent í greiðsluerfiðleikum á fyrsta ári en 54,52 á næstu tuttugu árum.

Mikið liggur því undir hjá matsfyrirtækjunum að þau framkvæmi áreiðanlegt og vel gert mat á bönkunum. Íslensku bankarnir birta upplýsingar um þær einkunnir sem bankinn hefur hlotið í tilkynningakerfi Kauphallarinnar með reglulegum hætti.

Þegar bankarnir eru metnir er hugað að ýmsum þáttum í starfi þeirra. Metin er útlánaáhættan út frá ýmsum lykiltölum í rekstri bankanna og þeim er svo gefin einkunn út frá því hversu áhættusamt matsfyrirtækið telur vera að lána viðkomandi banka.

TÖLVUPÓSTURINN

Til Tryggva Pálssonar

frankvæmdastjóra fjármála-
sviðs Seðlabanka Íslands



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

TILBOÐS
DAGAR

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

SKRIFSTOFUTÆKI

sem gera vinnuna ánægjulegri og verkin vandaðri

Framúrskarandi faxtæki
fyrir fjölskyldur og fyrirtæki



SHARP UX-P410

- Faxtæki/sími
- Hitafilmuprentun
- 50 blaða pappírshakki
- 10 blaða arkamatari
- 448Kb móttöku minni (24bls)

Tilboðsverð:
Kr. 12.900 m/vsk



SHARP FO-3150

- Faxtæki
- Laser prentun
- 200 blaða pappírshakki
- 20 blaða arkamatari
- 1,8 Mb móttöku minni (100bls)

Tilboðsverð:
Kr. 39.900 m/vsk



SHARP FO-5900

- Faxtæki
- Laser prentun
- 250 blaða pappírshakki
- 50 blaða arkamatari
- 2 Mb móttöku minni (125 bls)

Tilboðsverð:
Kr. 99.900 m/vsk

SKERPAN KEMUR FRÁ
SHARP

Hágæða prentarar
og ljósritunarvélar
fyrir allar stærðir fyrirtækja

Áratuga þróun hefur skipað SHARP prenturum/ljósritunarvélum í fremstu röð um heim allan. SHARP prentarar/ljósritunarvélar er lausnin fyrir krefjandi þarfir skrifstofunnar. Mikið úrval véla fyrir allar stærðir fyrirtækja.



SHARP AL-1552
Prentari/skanni/ljósritunarvél
Tilboðsverð
kr. 49.900



SHARP AR-M 550/620/700 Ljósritunarvél/Prentari/Skanni/Fax

- 55 / 62 / 70 eintök á mínútu
- A3 stærst A5R minnst
- Minnkun & stækkun 50%-400%
- Sjálfvirk lýsing afrita
- Frumritamatari 150 blöð
- 40Gb harður diskur
- 100 blaða framhjámatari
- Pappírsgeymsla lágmark 3.100 hámark 6.600 blöð
- 1200 x 600 punkta upplausn
- Snúningsbúnaður afrita
- Hægt að vista allt að 30.000 blöð í vélinni.

Aukabúnaður:

- Netkort (AR-M550)
- Faxbúnaður G3, modem hraði 33.600 bps, hægt að senda beint á netföng
- Skönnun allt að 600 punkta upplausn
- 3500 blaða pappírsgeymsla
- Raðari (með eða án heftunar)
- Gatari
- PostScript letur
- Strikamerkjaletur
- Data security kit
- Inserter

Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum



SHARP PG-B10S

- Skjávarpi
- Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 84.900 m/vsk
3ja ára ábyrgð



SHARP XR-10X

- Skjávarpi
- Birta: 2000 ANSI LUMEN
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 3.9 kg

Tilboðsverð:
Kr. 119.900 m/vsk
3ja ára ábyrgð

Öruggar og þægilegar sjóðvélar

Reiknaðu rétt með SHARP



SHARP ERA-220

- Sjóðvél
- 15/30 vöruflokkar
- Allt að 500 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill
- Rafrenn innri strimill
- Mjög fyrirferðalítill skúffa

Tilboðsverð:
Kr. 34.900 m/vsk



SHARP ERA-410

- Sjóðvél
- 20/99 vöruflokkar
- Allt að 1800 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími
- Hitaprentun
- Íslenkur strimill

Tilboðsverð:
Kr. 54.900 m/vsk



SHARP EL-2901RH

- 12 stafa ljósaborð
- Raður mínus
- Flýtleiðrétting á innslætti
- Uppsöfnunarteljari (GT)
- Innslættarteljari
- Álagningartakki (MU)
- Stærð 193 x 256 x 63

Tilboðsverð:
Kr. 6.990 m/vsk

BANKAHÓLFÍÐ



Tilmæli um fjármálaóstöðugleika

Viðskiptaráðherra hefur beint þeim tilmælum til Bygðastofnunar að hún haldi áfram að lána, enda þótt eiginfjárlutfall stofnunarinnar sé komið niður fyrir þau átta prósentu mörk sem sett eru lánaþyrtingarkjóm með lögum og Fjármálaeftirlitið sér um að framfylgja.

Fjármálaeftirlitið heyrir reyndar líka undir ráðherrann og því spurning hvort tilmælunum sé ekki einnig beint til þeirra að framfylgja ekki lögum um lánastofnanir.

Miðað við eðli Bygðastofnunar má gera ráð fyrir að gæði lánasafnsins séu mun lakari, en hjá fjármálaþyrtingarkjómum og því þyrfti eiginfjárlutfallið að vera hærra en hjá þeim. Í bönkunum er þetta hlutfall yfir tíu prósentum. Þeir sem hafa áhyggjur af fjármálaóstöðugleika bankanna ættu ekki að eiga svefnsamar nætur út af Bygðastofnun. Það væri alltént gaman að sjá hvað Royal Bank of Scotland hefði að segja um Bygðastofnun.

Engin vinahót

Lætin út af skýrslu Royal Bank of Scotland leiddi ýmislegt af sér. Meðal þess sem gerðist í kjölfarið var að fyrrum fjandvinur KB bankamanna, Davíð Oddsson, snæddi hádegisverð með stjórnarformanni bankans og forstjóra þar sem farið var yfir málið í mestu vinsemd.

Menn KB banka kölluðu einnig nokkra fjölmiðlamenn á sinn fund og útskýrðu styrk og stöðu bankans. Bentu þeir meðal annars á að starfsmenn matsfyrirtækisins Fitch hefðu skoðað bankann í átta vikur og þar af verið í heimsókn hjá þeim í átta daga áður en þeir gáfu út lánsþæfismat. KB bankamenn voru þá spurðir hvort matsmenn Fitch yrðu ekki hálfgerðir félagar þeirra við svo langa dvöl. Hreiðar Már, forstjóri bankans, varð til svars og bað hvern þann sem tækist að vingast við starfsmenn matsfyrirtækjanna að láta sig vita þegar í stað.

Á ferð og flugi

Með vaxandi starfsemi íslenskra fyrirtækja færast í vöxt að flugið sé með fjárfesta til útlanda að kynna fyrirtækin. Tvær slíkar ferðir voru í þessari viku. Avion fór með myndarlegan hóp fulltrúa lífeyrissjóða og annarra markaðsaðila í Evrópuferð að skoða fyrirtæki félagsins. Þá var Íslandsbanki einnig á ferðinni með hóp manna að kynna starfsemi sína í Noregi.

100 manns sagt upp hjá skrifstofum Bakkavarar Group í Englandi.

4,15% óbreyttir íbúðalánaveitir KB banka.

2,2 milljarða kaupverð fjárfesta undir forystu Baugs á skartgripakeðjunni MW Group Limited.



Áreiðanleiki og lúxus

Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum



SONATA

Verð frá kr. 2.240.000

Bíll á mynd: Hyundai SONATA LUX, sjsk, verð 2.850.000



Með bílinn handa þér

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og laugardaga frá kl. 12 til 16.

BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444 • JG BÍLAR EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2524

„Ég sakna þín.“

Mótframlagið þitt

Komdu þér í samband við mótframlagið þitt strax í dag í 410 4000 eða á landsbanki.is.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Lífeyrissparnaður Landsbankans